Höfum opnað
verslun í Ljóninu
Skeiði 1 • Sími 456 4566
Betra BAK

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa
Greiðslumat á netinu
Lánsumsókn á netinu
Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 26. apríl 2007 · 17. tbl. · 24. árg.

Vestfirðir eru ekki hinum megin á hnettinum

– Strandamaðurinn og galdrakarlinn Sigurður Atlason er framkvæmdastjóri Strandagaldurs, sem nýlega hlaut Eyrarrósina, viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Sigurður er hugmyndaríkur og kraftmikill og hefur ásamt fleirum tekist að byggja upp öfluga stofnun sem þjónar bæði heimafólki og ferðamönnum. Sjá nánar viðtal í miðopnu.

Hafnarbúðin opnar eftir breytingar

Hafnarbúðin á Ísafirði opnaði á föstudag eftir gagngerar breytingar og endurbætur á húsnæðinu. Verslunarrými búðarinnar hefur verið stækkað auk þess sem Skóverslun Leós, sem verið hefur um áratuga skeið til húsa að Hafnarstræti 5 á Ísafirði, flutti starfsemi sína í Hafnarbúðina.

Við opnunina færði Hermann B. Þorsteinsson hjá Vestfirskum verktökum hjónunum Ingu S. Ólafsdóttur og Kristjáni Jóhannssyni, blómvönd og fagurlega útskorinn platta til minningar um áfangann.

Ingileifur Jónsson ehf gerir nýjan veg um Arnkötludal

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra skrifaði á föstudag undir samning við verktakafyrirtækið Ingileif Jónsson ehf, í Reykjavík um gerð nýs vegar um Arnkötludal. Samningurinn var undirritaður í svæðismiðstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði. Alls bárust átta tilboð í verkið, en í því felst gerð nýs vegar frá Vestfjarðavegi (60) í Geiradal, um Gautsdal, Tröllatunguheiði og Arnkötludal að Djúpvegi (61) í Steingrímsfirði. Lengd útboðskaflans er um 24,5 km. Lægsta tilboðið var frá Ingileifi Jónssyni ehf. eða tæplega 662 milljónir króna sem er aðeins 76,5% af áætluðum verktakakostnaði, sem er 865,6 milljónir króna. Samgönguráðherra hefur þegar sagt að mismuninum, um 200 milljónum, verði varið í uppbyggingu Vestfjarðavegar.

Frá undirritun samningsins.

Samkvæmt útboði skal verki að fullu lokið fyrir 1. september 2009, en þess má geta að til stóð að vegurinn yrði tilbúinn ekki síðar en fyrir lok ársins 2008. Útboði var á sínum tíma frestað til að slá á þenslu í þjóðfélaginu. Ákvæði um flýtifé var svo nýlega bætt inn í útboðsgögn fyrir Tröllatunguveg, sem er á þá leið að ef verktaki kemur bundnu slitlagi á veginn fyrir 1. september 2008, verða honum greiddar 20 milljónir króna aukalega. Þetta er stærsta verk sem fyrirtækið hefur tekið að sér.

SAGÐI BANKANUM SÍNUM UPP!
Ætlar að reyna við Sparisjóðinn
Við lögum okkur að þínum þörfum
Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt fyrir okkur
EIMSKIP
Flutningar
Fyrirskála | 400 Ísafjörður | Sími 525 7890 | Fax 525 7899 | www.flytjandi.is

Dagurinn í dag

26. apríl 2007 – 116. dagur ársins

Þennan dag árið 1944 kom gamall öskuhaugur í ljós þegar verið var að grafa fyrir húsi við Tjarnargötu í Reykjavík. Þar fundust bein úr svínum, geirfugli og fleiri dýrum. Jafnvel er talið að þessa hefði verið öskuhaugur Ingólfs Arnarsonar.

Ísfirðingar eignuðust 17 nýja meistara

Ísfirðingar unnu samtals til 58 verðlauna á Andrés andar leikunum sem fóru fram um helgina og eignuðust 17 Andrésar andar meistara. Ísfirsku keppendurnir voru samtals 72 og þar af kepptu þrír bæði í göngu og alpagreinum og áttu Ísfirðingar því fjórða fjölmennasta liðið. „Árangur keppenda var enn betri en undanfarin ár og ljóst er að skíðalið Ísfirðinga er á uppleið. Þetta má þakka fleiri skíðadögum í vetur en mörg undanfarin ár, sem og góðri þjálfun“, segir á vef Skíðafélags Ísfirðinga. Er veitt voru verðlaun fyrir heildar stigafjölda á bikarmótum vetrarins hjá 13-14 ára og urðu Ísfirðingarnir Rannveig Jónsdóttir og Egill Ari Gunnarsson urðu bikarmeistarar í sínum flokkum, auk þess sem Ísfirðingar sigruðu í heildar stigakeppni félaga.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestfjörðum

Hafnarstræti 1 · Ísafirði
Sími 456 5224
Veffang: www.svest.is

Viltu vinna á áhugaverðum vinnustað?

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum er áhugaverður vinnustaður með fjölbreytta starfsemi og þar eru störf í boði. Störfin felast í að veita fólki aðstoð við athafnir daglegs lífs, tómstundastarf og einstaklingsbundnum stuðningi.

Sumarafleysingar

Starfsfólk óskast í sumarafleysingar. Um er að ræða vaktavinnu og dagvinnu. Breytilegur vinnutími.

Upplýsingar gefur Sólveig Bessa Magnúsdóttir í síma 863 3561, Margrét J. Magnúsdóttir í síma 893 1366, Ria Nijeboer í síma 847 3040 eða á skrifstofu í síma 456 5224.

Þjónustuíbúðir Ísafirði

Um er að ræða 70% stöðu frá 1. júlí. Starfið felst í að veita fólki með fötlun aðstoð við athafnir daglegs lífs inn á heimilum þeirra og úti í samfélaginu.

Upplýsingar gefur Sólveig Bessa Magnúsdóttir í síma 863 3561 eða á skrifstofu í síma 456 5224.

Skammtímavistun Ísafirði

Starfsmaður óskast í 30% starf í vaktavinnu frá 15. maí.

Upplýsingar gefur Margrét J. Magnúsdóttir í síma 893 1366 eða á skrifstofu í síma 456 5224.

Við leitum að fólki sem hefur:

· áhuga á að vinna með öðru fólki.
· hæfni í mannlegum samskiptum.
· jákvæð viðhorf.

Umsóknarfrestur er til 10. maí 2007. Umsókn getur gilt í allt að sex mánuði. Laun eru samkvæmt kjarasamningum SFR BHM og fjármálaráðuneytisins.

Umsóknareyðublöð liggja frammi hjá Svæðisskrifstofu að Hafnarstræti 1, Ísafirði.



Kjósendur í Ísafjarðarbæ eru 2.831 í alþingiskosningunum.

Kjósendum í NV-kjördæmi fækkar um 121 frá síðustu kosningum

Alls eru 21.126 einstaklingar eru á kjörskrá í NV-kjördæmi samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, sem er um 9,5% af kjörskrárstofni ársins 2007. Frá síðustu alþingiskosningum hefur kjósendum í kjördæminu fækkað um 121 og um 1.022 frá árinu 1995. Þeir kjósendur sem nú fá að kjósa í fyrsta sinn eru 1.827 eða 8,6% af heildarfjölda kjósenda. Kjósendur sem eru með lögheimili erlendis eru 574 í kjördæminu eða 2,7%.

Þá eru 2.831 á kjörskrá í Ísafjarðarbæ eða 1,3% af kjörskrárstofni en kjósendum í sveitarfélaginu hefur fjölgað um sjö síðan árið 2003. Í Bolungarvík eru 621 á kjörskrá eða 0,3% en þeim hefur fækkað um 46 síðustu fjögur árin. Í Vesturbyggð eru 657 á kjörskrá sem nemur 0,3 af kjörskárstofninum og hefur þeim fækkað um 117 frá 2003. Kjósendur í Strandabyggð eru 382 talsins eða 0,2% og hefur þeim fjölgað um 7 frá síðasta kjörtímabili.

– thelma@bb.is

Á annan tug einleikja á Act alone Ísafirði í sumar

Dagskrá einleikjahátíðarinnar Act alone 2007 hefur tekið á sig lokamynd. Á annan tug einleikja verða sýndir á hátíðinni, auk þess sem haldnir verða fyrirlestrar og námskeið um einleiksformið. Tveir erlendir einleikir verða sýndir á Act alone, Ole Brekke kemur frá Danmörku með ævintýrið Otomoto og Eistinn Toomas Tross sýnir einleik sinn Mr. Tross. Af íslenskum einleikjum má nefna flutning á ævintýrinu Pílu Pínu, sem verður í höndum Þórunnar Örnu Kristjánsdóttur, Eggert Kaaber kemur fyrir hönd Stoppleikhópsins og sýnir Þrymskviðu og Iðunnareplin og Bjarni Ingvarsson sýnir Höll ævintýranna.

Sérstök dagskrá verður á hátíðinni um listakonuna Steingerði Guðmundsdóttur, en hún vann mikið með einleiksformið á síðustu öld. Fjallað verður um verk hennar og ævi, auk þess fluttur verður útvarpseinleikur eftir Steingerði í samstafi við Útvarpsleikhúsið.

Þetta er fjórða árið í röð sem Kómedíuleikhúsið stendur fyrir einleikjahátíðinni Act alone á Ísafirði. Ákveðið hefur verið að bæta einum degi við hátíðina, sem mun standa yfir í fimm daga. Dagskrá Act alone 2007 má finna í heild sinni á heimasíðu hátíðarinnar.

– tinna@bb.is

Ole Brekke er einn leikaranna sem kemur fram á Act Alone í ár. Mynd: actaolne.net.

Tökur á Heiðinni hefjast um sauðburð

Undirbúningur að kvikmyndinni „Heiðin“ eftir Önfirðinginn, Einar Þór Gunnlaugsson stendur nú yfir og er áætlað að tökur hefjist um sauðburð, eða um miðjan maí nk. Þær munu að mestu fara fram í Austur Barðastrandasýslu og standa yfir til 17. júní. Upptökur eru þó þegar hafnar þótt minna sé, en nýverið tók tónsmiður myndarinnar, Danny Chang í Bretlandi, upp lag fyrir myndina með Hafdísi Huld, þar sem söngkonan unga söng spænskt lag af suðrænum ættum fyrir eina senu myndarinnar.

Sagan, sem fjallar um mann sem beðinn er um að fara með kjörkassa út á flugvöll en missir af flugvélinni, er í léttum dúr og gerist í nútímanum. Kostnaður myndarinnar er hóflegur og telst undir meðaltali sé miðar við íslenkar kvikmyndaframleiðslur. Verkefnið er tveggja landa samstarf Íslands og Bretlands, en leikstjórinn Einar Þór Gunnlaugsson hefur m.a. komist að samkomulagi við EMI Music Publishing í London um útgáfu kvikmyndatónlistar myndarinnar.

– thelma@bb.is

Það er ódýrara
að vera áskrifandi!
Ert þú í þeim hópi?
Hafið samband
í síma 456 4560

Listasumar haldið í níunda sinn í ágúst



Menningarhátíðin árlega, Listasumar í Súðavík, verður haldin í níunda sinn í sumar. Það er Pálína Vagnsdóttir sem heldur um stjórntaumana í ár, en hún tók að sér að halda hátíðina í fyrrasumar, eftir að stjórnvöld í Súðavík sáu sér ekki fært að halda hana vegna viðvarandi taps á hátíðinni. Pálína segir að þegar sé byrjað að vinna í dagskrá hátíðarinnar, en hún verður að venju haldin aðra helgina í ágúst. Reiknar Pálína með því að hátíðin verði með svipuðu sniði og áður, þó að bryddað verði upp á einhverjum nýjungum. „Við reynum alltaf að gera eitthvað öðruvísi á þessari hátíð, sem skipað hefur sér sérstakan sess á svæðinu, sem tónlistar- og menningarhátíð," segir Pálína. Hún leggur áherslu á að samfélögin á Vestfjörðum eigi að vinna saman að sumarhátíðunum sem haldnar eru á kjálkanum, gæta þess að þær rekist ekki hvor á aðra, og styðja og styrkja hátíðir nágrannabæjanna með að sækja þær heim og taka þátt í dagskránni.

„Olíuhreinsunarstöð ekki skilgreind sem stóriðja"

Talsmenn Íslensks hátækniiðnaðar segja olíuhreinsistöð ekki skilgreinast sem stóriðja sökum þess að orkunotkun er ekki mikil og mengun minni en frá stóriðjuveri eins og álveri. Eins og kunnugt er hefur Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, átt í viðræðum við forsvarsmenn Íslensks hátækniiðnaðar vegna hugmynda þeirra um að reisa olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Í bréfi sem hann hefur sent fyrirtækinu segir hann að Vestfirðingar eigi eftir að kynna sér skilgreiningu á stóriðjum á næstu vikum til þess að geta tekið afstöðu til málsins.

„Áhersla Vestfirðinga hefur verið á stóriðjulausan landshluta. Það er sú landnýtingarstefna sem Vestfirðingum hefur þótt áhugaverð út frá þeim skilyrðum sem hér eru. Slík stefna útilokar ekki útgerð stórra skipa, stór fiskiðjuver, þörungaverksmiðju eða kalkþörungaverksmiðju. Þessi atriði hafa öll verið rædd í tengslum við skilgreiningu á landshlutanum sem stóriðjulausum og niðurstaðan ávallt verið sú að með þessari skilgreiningu væri verið að útiloka orkufrekan þungaiðnað á borð við álver."

Bæjarstjóri kynnti óformlega tillögu að byggingu olíuhreinsistöðvar í fjórðungnum fyrir bæjarráði þann 16. apríl. „Tillaga um starfsemi myndi þarfnast 15 MW raforku og gæti skapað 500 ný störf fyrir utan afleidd störf er allrar athygli verð. Tilkoma slíkrar starfsemi yrði mikilvægur þáttur í því að styrkja enn frekar innviði svæðisins í vegamálum, flugmálum, raforkumálum og gangaflutningi svo nokkur dæmi séu nefnd," segir í bréfi Halldórs.

Bæjarstjóri tekur jákvætt í að skoða erindi Íslensks hátækniiðnaðar og taka þátt í vinnu er lúti að hagkvæmnisathugun eins og staðarvali, skilgreiningu umhverfismála ofl. Segir Halldór að lögð verði áhersla á vandaða og óháða upplýsingargjöf fyrir íbúa svæðisins sem þurfa að hans mati þurfi að gefa álit sitt á svo stóru máli í íbúakosningu eða skoðanakönnun áður en endanleg ákvörðun verði tekin.

– thelma@bb.is

Frá Fossavatnsgöngunni í fyrra.

Stefnir í metþátttöku í Fossavatnsgöngunni

Það stefnir í metþátttöku í Fossavatnsgöngunni sem fer fram á Ísafirði á laugardag, en skráningar benda til að um 250 keppendur taki þátt. 177 manns luku göngunni í fyrra og var þar um að ræða fjölmennustu skíðagöngukeppni Íslandssögunnar. „Það stefnir í enn betri þátttöku í ár og það hefur orðið algjör sprenging í lengstu vegalengdinni hjá okkur. Brautin er orðin mjög fín og nægur snjór uppi á heiði. Spáin er reyndar ekkert sérstaklega góð en að öðru leiti lítur allt rosalega vel út", segir Kristbjörn Sigurjónsson, einn af skipuleggjendum mótsins.

Von er á um 30 keppendum erlendis frá og þar á meðal einum af fremstu skíðamönnum heims, Oskar Svärd, sem er margfaldur sigurvegari Vasagöngunnar. Fossavatnsgangan er elsta skíðamót sem enn er haldið á landinu en hún fór fyrst fram á annan páskadag árið 1935. Keppendur voru sjö talsins og var brautin mæld 18 km. Hefur keppnin stækkað með hverju ári og á síðasta ári Fossavatnsgangan í fyrsta sinn þátt FIS Nordic Ski Marathon Cupm mótaröðinni sem samanstendur af fjórum norrænum skíðagöngumótum í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi.

– thelma@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

REFA- OG MINKAEYÐING Í ÍSAFJARÐARBÆ

Ísafjarðarbær auglýsir eftir refaskyttum og minkabönum til að taka að sér eyðingu refa og minka í lögsögu Ísafjarðarbæjar árið 2007.
Upplýsingar um tilhögun veiðanna má sjá á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, og er umsækjendum bent á að kynna sér þær. Nánari upplýsingar veitir starfsmaður landbúnaðarnefndar, Þórir Örn í síma 450 8000.
Umsóknir skulu berast til skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði fyrir kl. 12:00 á hádegi þann 30. apríl 2007.
Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.

SKRÚÐUR Í DÝRAFIRÐI

Ísafjarðarbær óskar eftir aðila til að taka að sér umhirðu og umsjón með garðinum Skrúði í Dýrafirði.
Í starfs- og verklýsingu umsjónarmanns segir m.a.: „Umsjónarmaður annast og sér um alla almenna umhirðu við gróður og byggingar í garðinum auk þess að sjá um að kynningarefni sé til staðar. Í venjulegu árferði þarf að hefja hreinsun garðsins frá og með byrjun júní og miðað er við að 16. júní sé garðurinn kominn í fegursta skrúða." Ennfremur að „umsjónarmaður á að vera gestum garðsins til aðstoðar og upplýsingargjafa þann tíma sem hann er að vinna í garðinum og einnig að sjá um eftir föngum móttöku stærri hópa ferðamanna sem í garðinn koma og pantað hafa leiðsögn með fyrirvara."
Gert er ráð fyrir allt að 400 klst. fari í umhirðu og umsjón Skrúðs árlega.
Umsóknarfrestur er til 11. maí 2007.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórir Örn hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar í síma 450 8000.

Betra BAK

Atvinna

Óskum eftir að ráða starfsmann til verslunar og útkeyrslustarfa.

Upplýsingar gefur Grétar í síma 456 4566.

Líflegur borgarafundur á Ísafirði

Fjölmenni mætti á opinn borgarafund sem haldinn var í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði í síðustu viku. Fundurinn er liður í kosningaumfjöllun Ríkissjónvarpsins, en borgarafundir sem þessir verða haldnir víðsvegar um landið á hverjum þriðjudegi fram að kosningum. Umfjöllunarefni fundarins voru tvö, samgöngumál og sjávarútvegsmál.

Í fyrri hluta fundarins sátu samgönguráðherra og frambjóðendur frá öðrum flokkum fyrir svörum frétta- og dagskrárgerðafólksins Brynju Þorgeirsdóttur og Sigmars Guðmundssonar. Seinni hluta fundarins voru sjávarútvegsráðherra og aðrir frambjóðendur í eldlínunni. Fundargestir máttu koma með spurningar til frambjóðenda og létu spyrjendur þá sem sátu fyrir svörum ekkert eiga inni hjá sér, enda hvorutveggja málefni sem brenna á Vestfirðingum. Það er óhætt að segja að mikill hiti hafi verið í fundargestum, og var hlegið, púað og klappað þegar við átti.

Fundurinn var sýndur beint frá íþróttahúsinu á Torfnesi, en kvöldfréttir sjónvarpsins voru einnig sendar út frá Ísafirði.

– tinna@bb.is

Frambjóðendur Framsóknar, Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingar, Vinstri Grænna, Íslandshreyfingarinnar og Frjálslyndra. Ljósm: Páll Önundarson.

Taka þátt í japönsku ljósmyndaverkefni

Á áttunda tug nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði taka um þessar mundir þátt í ljósmyndaverkefni í samvinnu við Japani. Þrír skólar taka þátt fyrir hönd Íslands. Verkefnið snýst um að skoða umhverfi barnanna í gegnum þeirra augu og bera saman menningarmun milli landa. Slík verkefni hafa verið unnin í Mosabík, Japan, Brasilíu og fleiri löndum.

Hikaru Nagatake, skipuleggjandi verkefnisins, fer með yfirumsjón þess. Hún kom til Ísafjarðar í síðustu viku og var í þrjá daga í vinnu með nemendum GÍ. Fimmtíu nemendur úr 1.-6. bekk fengu í byrjun einnota myndavélar til að taka myndir af því sem þeim þykir sérstakt í umhverfi sínu. Síðan fengu 25 nemendur úr 6.-10. bekk stafrænar myndavélar til að taka myndir í skólanum og úti í bæ af því sem hefur sérstaka þýðingu fyrir þau.

Eldri hópurinn mun velja tvær myndir sem verða prentaðar á póstkort og þau skrifa svo kveðju aftan á kortin sín. Í ágúst og september verður haldin ljósmyndasýning í Tokyo, þar sem valdar myndir nemanda verða til sýningar. Frá þessu var sagt á heimasíðu Grunnskólans Ísafirði.

– thelma@bb.is

Alls taka 75 nemendur Grunnskólans á Ísafirði þátt í ljósmyndaverkefni í samvinnu við Japan um þessar mundir.



Magnað sólsetur í Önundarfirði

Sólsetrið var svo sannarlega fagurt í Önundarfirði kvöld eitt í síðustu viku er Páll Önundarson ljósmyndari var þar á ferð. Á þessum árstíma sest sólin í sæ á ný í stað þess að fela sig bak við fjall og gyllir um leið fjörðinn með bjarma sínum. Óhætt er að fullyrða að svo fögur sýn láti engan ósnortinn.

Fjallað um Aldrei fór ég suður í erlendum fjölmiðlum

„Ég veit!“, segir Mugison við pabba sinn, Papamug, yfir bjórglasi í London dag einn. „Höldum flotta tónlistarhátíð í litla 4000 manna bænum okkar á norðvesturhorni Íslands. Þar geta nokkrir af poppstjörnufélögum okkar frá Reykjavík komið fram og kannski ein eða tvær alþjóðlegar hljómsveitir sem síðan bakka upp tónlistarmenn hér heima fyrir, sem svo vill til að eru mjög góðir.“

Þannig byrjar grein sem fjallar um rokkhátíð alþýðunnar Aldrei fór ég suður og er í breska vefmiðlinum Drowned in sound. Hátíðin hefur vakið athygli langt útfyrir landsteinana og hafa m.a. birst greinar í vefútgáfu Times og Guardian auk fyrrnefnds Drowned in Sound. „Á Englandi getur maður ímyndað sér að smábæjarbúar myndu reka upp stór augu ef hljómsveitir með nöfn eins og Puke, Slugs, Dr. Spock og Ham myndu mæta á staðinn. Hér er þetta öðruvísi. Markmiðið er að lokka íslenska tónlistarvettvanginn frá Reykjavík og aftur til landsbyggðarinnar, en jafnframt er hátíðin haldin í tengslum við vinsæla páskahátíð, Skíðavikuna, sem er elsti viðburður sinnar tegundar á Íslandi“, segir í Times.

„Þrátt fyrir vera ekki auglýst virðast miklar vinsældir vera versta hugsanlega vandamál hátíðarinnar. Í ár voru öll þrjú gistiheimili og hótel bæjarins fullbókuð, og meirihluti hátíðargesta gisti hjá vinum og vandamönnum. Heyrst hefur að viðburðurinn verði færður yfir á sumarið. […]. En það virðist ekki vera hugmynd sem hlýtur náð fyrir augum Mugga. „Ár hvert bið ég fyrir slæmu veðri“, segir Muggi með heillandi glotti, „það eykur sjarmann.“ Og möguleikinn á að þessi grasrótarhátíð verði of stór fyrir snjóstígvélin? „Við tökumst á við það þegar þar að kemur. Þetta er sjálfskapaður hryllingur sem hefur orðið að skemmtilegu ævintýri,“ segir Muggi í samtali við Times.*– thelma@bb.is*

Umfjöllun TimesOnline um rokkhátíðina Aldrei fór ég suður.

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 26. apríl - 29. apríl

1.279 kr/kg
Verð áður 1.828 kr/kg
30% afsláttur
Gourmet lambaframpartssneiðar

199 kr/kg
Verð áður 345 kr/kg
Ódýr skólaskinka

380 kr/kg
Verð áður 586 kr/kg
35% afsláttur
Reykt folaldakjöt

1.469 kr/kg
Verð áður 2.261 kr/kg
35% afsláttur
Skinnlausar kjúklingabringur

159 kr
Verð áður 232 kr
Billys Pan Pizza 170 gr.

159 kr
Verð áður 205 kr
Club orange 7 stk.

129 kr
Verð áður 147 kr
Korni flatbrauð

99 kr
Verð áður 149 kr
Sprite Zero og Sprite 1 ltr.

299 kr
Verð áður 399 kr
Always ultra norm. og night dömubindi

259 kr/kg
Verð áður 319 kr/kg
Græn vínber

199 kr
Verð áður 289 kr
Jarðarber 200 gr.

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 26. apríl - 29. apríl • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum

Vestfjarðavefurinn formlega opnaður

Vestfjarðavefurinn, nýr vefur Markaðsstofunnar, var opnaður formlega á Ferðasýningunni í Fífunni í Kópavogi á laugardag meginhlutverk vefsins er að kynna ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Sævar Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða, opnaði nýja vefinn formlega. Markaðsstofan stóð að uppsetningu vefsins og sér um ritstjórn hans. Þar er margvíslegur fróðleikur og fréttir af ferðaþjónustunni, auk upplýsinga um öll ferðaþjónustufyrirtæki á Vestfjörðum.

Ritstjórnargrein

Skoðum málið niður í kjölinn

Fagnaðarerindi hefur verið boðað: olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum; 500 hundruð stöðugildi þar af um fimmtungur tæknimentað, langskólagengið fólk; veruleiki sem gæti blasað við innan fárra ára; bylting í atvinnuháttum í landsfjórðungi, sem um langt árabil hefur átt undir högg að sækja. Viðbrögðin við hugmyndinni hafa verið beggja blands. Liðlega helmingi þeirra sem sagt hafa álit sitt í skoðanakönnun á bb.is líst vel á málið. Þriðjungur er því andvígur. Aðrir láta sig málið engu varða.

Olíumálið, sem kalla má svo, komst á dagskrá í sjónvarpsviðtali við Ólaf Egilsson, fyrrum sendiherra, nú talsmann Íslensks hátækniiðnaðar. Ólafur sagði olíuhreinsistöðvar ekki falla undir hugtakið stóriðja, meðal annars sakir þess hversu þurftarlitlar þær eru á rafmagn, og kalla ekki á virkjanir; þá sé mengun frá þeim lítil á við það sem kemur frá álverum. Vitað er að víða, meðal annars í þröngum fjörðum Noregs, eru slíkar stöðvar í nánd við þéttbýli.

Svo sem við mátti búast hafa sumir náttúruverndarsinnar og fyrirfram ákveðnir andstæðingar allar slíkar starfssemi látið í sér heyra og fundið olíuhreinsistöð á Vestfjörðum allt til foráttu. Og svo langt hefur verið gengið að segja nánast allar fullyrðingar Ólafs Egilssonar um mengun og mengunarvarnir í tengslum við slík fyrirtæki hrein ósannindi. (Sem þá annað tveggja hljóta að vera fölsun eða vanþekking?) Það kann að vera létt verk að afgreiða málið með þessum hætti. Á móti verður það að teljast afar ólíklegt að maður með jafn langan feril að baki í utanríkisþjónustunni og Ólafur hefur, láti það henda sig að koma með jafn illa ígrundaðar og ómarktækar hugmyndir og látið er í veðri vaka að hann hafi gert, er hann talaði fyrir áhuga manna á byggingu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum. Því verður ekki að óreyndu trúað; né hinu að tímasetningin hafi verið sérstaklega valin.

Tillögur forsætisráðherra nefndarinnar liggja nú fyrir. Ein af þeim felur í sér að heimamenn leggi mat á kosti þess og galla að reist verði olíuhreinsistöð á Vestfjörðum. Það hlýtur að vera öllum ljóst að fyrirtæki af þessari stærðargráðu, sem kæmi jafn fljótt til skjalanna og ætlað er, ef af verður, myndi skipta sköpum um framtíð fjórðungsins. Aðrar tillögur nefndarinnar eru góðar og gildar svo langt sem þær ná. En þær eru ekki það stóra start sem þörf er á og það er nokkuð auðséð að Vestfirðingar geta ekki beðið einhverja áratugi til viðbótar og haldið áfram að láta sér nægja brauðmolana sem falla kunna af nægtaborðum annarra landsfjórðunga.

Við getum ekki umhugsunarlaust sagt nei við 500 nýjum störfum, auk margfeldisáhrifa sem þetta hefur í för með sér; við getum heldur ekki sagt já án þess að skoða málið niður í kjölinn. *s.h.*

Á þessum degi fyrir 11 árum

Vilja heilsársveg yfir Þorskafjarðarheiði

Á föstudag afhenti Sigurður Ólafsson, verkstjóri á Ísafirði, þingmönnum Vestfirðinga undirskriftalista með nöfnum nær átta hundruð Vestfirðinga, sem vilja að þingmenn kjördæmisins beiti sér fyrir gerð heilsársvegar, samhliða eða í beinu framhaldi af gerð Gilsfjarðarbrúar. Veittu þingmennirnir listanum móttöku í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði en þar voru þeir staddir vegna þings Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sigurður Ólafsson sagði í samtali við blaðið að hann hefði upp á sitt einsdæmi hafið undirskriftarsöfnunina enda væri hér um að ræða mál sem væri honum mikið áhugamál. Sagðist hann vonast til að þingmennirnir fygldu málinu eftir og hefðu þeir lofað að svo yrði. „Ég hóf söfnunina í byrjun mars og hún stóð yfir í 2-3 vikur. Menn hafa mikið rætt þessi mál en ekkert hefur verið gert fyrr en ég dór með þessa söfnun af stað. Viðbrögðin urðu ótrúlega mikil, miklu meiri en ég átti von á, á svona skömmum tíma, sem aftur sýnir að það eru margir sama sinnis og ég“, sagði Sigurður.

Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Jón Bjarnason og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir.

Stefna stjórnvalda fjandsamleg landsbyggðinni

Vinstrihreyfingin –grænt framboð leggur höfuðáherslu á að styrkja innviði samfélagsins og vill fjárfesta í bættum samgöngum og aðgerðum til að jafna búsetuskilyrði. Þetta kom fram á fréttamannafundi á Ísafirði á föstudag en fulltrúum flokksins, Steingrími J. Sigfússyni, Katrínu Jakobsdóttur, Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur og Jóni Bjarnasyni, fannst við hæfi að kynna aðgerðaáætlun sína í atvinnu, byggða- og samgöngumálum á Vestfjörðum þar sem sérstakar áhyggjur af þessum málum hafa ríkt í fjórðungnum. Hvað atvinnumál snertir sagði Steingrímur J. að stefna stjórnvalda sé landsbyggðinni fjandsamleg.

Vinstri-grænir vilja eindregið koma á strandsiglingum á nýjan leik þar sem þær eru bæði umhverfisvænni og það hreinlega varði við öryggismál að minnka akstur stórra bíla á vegum landsins, sem einnig kemur niður á kostnaði í vegagerð. Aðspurður sagði Steingrímur besta leiðin til að koma strandsiglingum aftur á væri þær yrðu boðnar út og að hann vildi sjá siglt væri tvisvar í viku. En enn yrði haldið úti flutningum auknar tekjur til sveitarfélaga í formi hafnargjalda. Þau áskildu sér rétt til að breyta samgönguáætlun kæmust þau til valda þar sem fjármögnun hennar sé óleyst mál. Þau vildu ekki sjá einkaframkvæmdir á almannavegakerfinu og töldu það best í höndum ríkisins og tækju sjálf lánin þar sem það fengi bestu lánakjörin.

Vinstri grænir vilja fjárfesta í innviðum sveitarfélaganna. Ingibjörg lagði sérstaka áherslu á að þau vildu að börnum væri gert kleift að læra í heimabyggð til 18 ára aldurs. Sagði hún að gróflega áætlað væri kostnaður við að senda barn til Reykjavíkur til náms 1,5 milljón á ári. Mjög brýnt væri fyrir sveitarfélögin að fylgja því dæmi að koma á framhaldsskóladeildum eins og á Patreksfirði þar sem það væri tiltölulega einfalt í framkvæmd en gæti skipt gífurlega miklu máli fyrir sveitarfélögin. Einnig vildu þau gjaldfrjálsa grunn- og leikskóla en þau voru nýkomin úr heimsókn í Súðavík þar sem fyrsti gjaldfrjáls leikskóli landsins er til staðar og þar fengu þau þær upplýsingar að barnafólk flytti sérstaklega til þorpsins vegna þessa.

Einnig tóku þau fram að þau vildu flýta framkvæmdum við jarðgangagerð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar þannig að strax væri hafist handa við það. *– thelma@bb.is*

Opið hús í Engidalsvirkjun

Þann 13. febrúar síðastliðinn voru 70 ár liðin frá því rafmagn var fyrst framleitt í Engidalsvirkjun. Í tilefni þess verður opið hús í Engidalsvirkjun laugardaginn 28. apríl frá kl. 10-16.

Orkubú Vestfjarða hf., býður öllum að skoða virkjunina og þiggja veitingar í tilefni þessara tímamóta.

Orkubú Vestfjarða hf.

ORKUBÚ VESTFJARÐA hf

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* – Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, *tinna@bb.is*
Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Sauðárkrókur | Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Selfoss | Reykjanesbær

Áttu mikið útistandandi?

Við höfum liðsinnt fjölda fyrirtækja við innheimtu

útistandandi viðskiptakrafna með góðum árangri.

Komdu til okkar með það sem þú átt útistandandi - síminn er **440 7770**.

intrum justitia

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

www.intrum.is

Umhverfisstyrkur Klofnings afhentur

Lilja Rafney Magnúsdóttir hlaut umhverfisstyrk Klofnings ehf á Suðureyri, sem veittur var á sumardaginn fyrsta. Lilja Rafney lagði fram hugmynd að gerð útsýnispalls við höfnina á Suðureyri. Pallurinn verður í laginu eins og stafn á skipi, með áföstum bekk. Á miðjum pallinum verður fótur með hringlaga borði og sex áfastir stólar á fæti. Í kringum pallinn verður rekki, en fremst á honum er hugsað að verði skúlptúr af sjómannskonu sem horfir til hafs. Í greinagerð um hugmyndina segir m.a. að Sjávarþorpið Suðureyri eigi að nýta þá möguleika sem umhverfið býður upp á með staðsetningu útsýnispalls við höfnina þar sem íbúar og ferðafólk geta notið útsýnisins yfir hafnarsvæðið og innsiglinguna inn fjörðinn. Klofningur veitti styrk að upphæð einni milljón króna í verkið.



Vegaframkvæmdum flýtt og störfum fjölgað

Vestfjarðanefndin, nefnd sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum, hefur lokið störfum og skilað skýrslu með tillögum sínum. Í skýrslunni segir m.a. að atvinnulíf á Vestfjörðum verði ekki byggt upp í einu vetfangi, né heldur með töfralausnum, heldur verði uppbyggingin að eiga sér stað sem þróun á þeim grunni sem fyrir er. Helstu áherslur nefndarinnar eru bættar samgöngur, uppbygging farsímasambands og háhraðatengingar, aukið öryggi í raforkumálum, efling menntunar, rannsókna og nýsköpunar á vel skilgreindum styrkleikasviðum og efling annarrar opinberrar þjónustu. Að auki eru settar fram nokkrar tillögur að sértækum aðgerðum sem gagnast muni allri landsbyggðinni.

Meðal tillagna nefndarinnar eru eftirfarandi:

Við endurskoðun framkvæmda í samgönguáætlun á árinu 2008 verði áhersla lögð á að flýta fyrirhuguðum framkvæmdum á Vestfjörðum sem nú eru á langtímaáætlun samgöngumannvirkja.

Uppbyggingu GSM-farsímaþjónustu á öllum stofnvegum og uppbyggingu háhraðatengingar á afskektum svæðum á Vestfjörðum verði lokið á árinu 2008.

Frá vegagerð í Ísafjarðardjúpi.

Stjórnvöld efli verulega starfsemi núverandi opinberra stofnana á svæðinu.

Nemendum verði gert kleift að geta lokið verknámi með sveinsprófi við Menntaskólann á Ísafirði.

Lögð verði áhersla á að auðvelda nýsköpun á meðal frumkvöðla og eflingu atvinnulífs í fjórðungnum m.a. með stofnun og rekstri nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði í samvinnu með Byggðastofnun og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Þá verði byggðar upp miðstöðvar á sviði menntunar, rannsókna, nýsköpunar og þjónustu á Patreksfirði og Hólmavík með líkum hætti og Þróunarsetur Vestfjarða á Ísafirði.

Því er beint til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að hún beiti sér fyrir því að starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði flutt til Vestfjarða.

Komið verði á fót miðstöð safnaskráningar á Ísafirði þar sem m.a. fari fram skráning fyrirhugaðs öryggismálasafns Þjóðskjalasafns Íslands og fyrirhugaðs Landskerfis safna.

Gerður verði samningur til fjögurra ára milli samgönguráðuneytis og Markaðsskrifstofu Vestfjarða um markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu með áherslu á Vestfirði.

Lagt er til að starfræktar verði tvær gestastofur í friðlandi á Vestfjörðum, Hornstrandastofa og Vatnsfjarðar-/Látrabjargsstofa, þar sem verði starfandi landverðir í heilsársstarfi.

Starfsemi Fjölmenningarsetursins verði efld og því falin verkefni sem unnin eru á landsvísu.

Í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir m.a. að stjórnvöld og fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum hafi á undanförnum árum beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til uppbyggingar á Vestfjörðum. Þar megi nefna stofnun háskólaseturs og þróunarseturs á Ísafirði og gerð Vaxtarsamnings Vestfjarða. Þá segir einnig að aðstæður til atvinnu og búsetu hafi verið greindar og framtíðarsýn íbúaþróunar er að fyrir árið 2020 verði íbúatala Vestfjarða um 8.300.

Nefndin telur að atvinnulíf og búseta á Vestfjörðum standi nú á ákveðnum tímamótum. Stjórnvöld hafa ákveðið að verja á næstu fjórum árum allt að 13 milljörðum króna til framkvæmda við vegi, fjarskipti og snjóflóðavarnir. Tillögur nefndarinnar miða að því að leggja til við stjórnvöld að blása ungu fólki, sem og öllum Vestfirðingum í brjóst aukna bjartsýni á möguleika svæðisins til búsetu og atvinnuuppbyggingar með því að efla starfsemi opinberra stofnana m.a. á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar sem í samvinnu við fyrirtækin á svæðinu geti snúið við atvinnuþróuninni til aukinnar verðmætasköpunar.

– tinna@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

ÍSAFJARÐARBÆR – ÚTBOÐ

Vatnsveita Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í verkið „Tungudalsveita“. Ofangreinu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 23. júní 2007.
Helstu magntölur eru:
Lagnaskurðir 1.750m
Vatnslagnir 1.750m
Lokar 70 stk.
Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3000 hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð **þriðjudaginn 8. maí nk. kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

STAKKUR SKRIFAR

Átakalínur

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Vestfirðingar berjast fyrir tilveru sinni. Forsvarsmenn okkar hafa lýst því yfir að að Vestfirðir skuli vera lausir við stóriðju. Gott og vel. Eitt sinn voru fiskvinnsla og fiskveiðar stóriðja Vestfjarða. Svo er ekki lengur. Ákvarðanir þeirra sem héldu á þeim dýrmæta rétti að veiða fisk voru í mörgum tilvikum á þann veg að innleysa það fé sem bjó í réttinum. Reyndar voru flest stóru fyrirtækin of lengi að átta sig á því hve brýnt það var að kaupa kvóta strax eftir að þeim hætti var komið á. Síðan hafa sveitarstjórnir helst séð þann kost að fjölga opinberum starfsmönnum.

Opinberir starfsmenn eru vænsta fólk og sinna mikilvægum störfum. Öllum sem hug hafa á því að setjast að á Vestfjörðum er fagnað. En samt minnir þessi hugsun örlítið á ævintýri H.C. Andersen um nýju fötin keisarans. Hvað eiga þessir opinberu starfsmenn að vinna? Meðan okkur fækkar stöðugt hlýtur eðli málsins samkvæmt að þurfa færri opinbera starfsmenn til að sinna þörfum okkar. Reyndar segir sá frægi maður Cyril Northcote Parkinson að það sé eðli hverrar starfseiningar að vaxa, öll störf fylli út í þann tíma sem þeim er ætlaður, hvort sem þau megi vinna á skemmri tíma eður ei. Opinberir starfsmenn leggi sig fram um að fá fleiri í liðið og skapa sjálfum sér og öðrum meiri vinnu. Sé hugmyndin byggð á Parkinson lögmálinu, sem heitir eftir höfundi sínum, er hún afar snjöll. Gallinn er sá að skattgreiðendur borga brúsann, líka þeir sem vinna hjá hinu opinbera.

Opinberir starfsmenn, í þessu tilviki ríkisstarfsmenn, er þiggja laun sín frá ríkinu en ekki sveitarfélögunum, eru auðvitað vænn kostur, ekki síst ef þeir eru nógu margir og kostnaðurinn deilist á alla skattgreiðendur Íslands, ekki bara þá sem búa á Vestfjörðum.

Nú hefur komið upp nýr flötur. Olíuhreinsistöð á Vestfjörðum, sem reyndar er ekki alveg ný hugmynd því Kristinn H. Gunnarsson, nú alþingismaður Frjálslyndra, viðraði hana fyrir tæpum áratug. Talið er að hún kynni að veita allt að 500 manns atvinnu. En sá böggull fylgir skammrifi að hugmyndin stangast á við stóriðjulausa Vestfirði. Og nú er úr vöndu að ráða. Menn hafa aldrei lifað lengi af munnvatninu einu saman. Enda virðist Halldór Halldórsson bæjarstjóri vilja skoða hugmyndina betur, en hún standa aðeins í starfsbróður hans í Bolungarvík.

Á þessum vettvangi hefur áður verið sagt að allar hugmyndir eigi að skoða og að sjálfsögðu fordómalaust. Viljum við á annað borð halda byggð á Vestfjörðum er atvinna skilyrði og þá er hollt að muna að allt í þeim efnum styður hvað við annað. Þannig gætu draumar manna um einhvers konar háskólasamfélag átt greiðari leið til þess að rætast. En það kostar að líta fordómalaust á alla kosti og muna að skoðanaskipti eru ekki synd, heldur geta verið dyggð. Enda breytast forsendur oft.

Pálína efst á lista Íslandshreyfingarinnar

Fimm efstu menn á lista Íslandshreyfingarinnar – lifandi lands í Norðvesturkjördæmi, voru kynntir á sumardaginn fyrsta. Athafnakonan Pálína Vagnsdóttir, úr Bolungarvík, skiptar fyrsta sæti listans, í öðru sæti er Sigurður Valur Sigurðsson, ferðamálafræðingur frá Akranesi, í þriðja sæti er Sólborg Alda Pétursdóttir, kennari úr Skagafirði. Guttormur Hrafn Stefánsson, bóndi í Skagafirði skipar fjórða sætið, en Kristján S. Pétursson, nemi frá Ísafirði, er í fimmta sæti. Nöfn þeirra sem eiga að skipa neðri sæti listans hafa enn ekki verið birt. Íslandshreyfingin hefur nú birt lista yfir fimm efstu frambjóðendur sína í fimm kjördæmum af sex.

KFÍ undirbýr næstu leiktíð

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar vinnur nú að því hörðum höndum að setja saman keppnishóp fyrir næstu leiktíð. „Nokkrir eru búnir að semja og aðrir við það að krota nafn sitt á leikmannasamninga. Þarna á meðal eru menn sem að eru velþekktir körfuknattleiksmenn og er stefnt að því að allir séu búnir að binda sig félaginu fyrir 1 maí“, segir í frétt á kfi.is. Meðal þeirra sem skrifað hafa undir samninga við KFÍ eru Bojan Popovic, Riste Stojanov og Pance Ilievski, sem allir léku með félaginu á síðasta tímabili.

Ramóna í elsta slipp landsins

Farþegabáturinn Ramóna ÍS 190, sem er í eigu Ferðaþjónustunnar Grunnavík, var tekin upp í slipp í gömlu dráttarbrautinni í Neðstakaupstað í síðustu viku. Að sögn Friðriks Jóhannssonar, eiganda Ramónu, eru fyrirhugaðar ýmsar breytingar og lagfæringar á bátnum, svo sem ísetning bógskrúfu auk þess sem á hann verða sett ný slynkubretti. Nýverið keypti Ísafjarðarbær gamla slippinn af Siglingaklúbbnum Sæfara og fól Byggðasafni Vestfjarða hann til varðveislu. Um er að ræða elsta slipp landsins sem var upphaflega settur upp á Torfnesi árið 1921 að frumkvæði Bárðar G. Tómassonar skipaverkfræðings. Var hann nýttur af fyrirtæki Bárðar , Skipabraut Ísafjarðar en fyrsta skipið sem tekið var upp í slippnum var mb. Eir sem var í eigu Karls & Jóhanns á Ísafirði. Árið 1944 keypti skipasmíðastöð Marzellíusar Bernharðssonar slippinn, og flutti starfsemi sína þangað. Árið 1978 þurfti að rýma til á Torfnesinu fyrir nýjum byggingum Menntaskólans, og var þá slippurinn fluttur til, á þann stað sem hann er nú. Talið er að frá því að slippurinn var byggður hafi rúmlega 1300 skip verið tekin upp í honum. – *thelma@bb.is*

Farþegabáturinn Ramóna ÍS 190 var tekin upp í slipp í gömlu dráttarbrautinni í Neðstakaupstað í síðustu viku. Mynd: Byggðasafn Vestfjarða.

Þrjú íþróttafélög sameinast

Stofnfundur sameinaða íþrótta- og ungmennafélagsins Vestra verður haldinn á Hótel Ísafirði kl. 16 laugardaginn 28. apríl. Á fundi stjórna BÍ, KFÍ og Vestra á dögunum var komist að þeirri niðurstöðu að best væri að halda sameiningu félaganna áfram þó svo að SFÍ hafi dregið sig út úr ferlinu.

„Málin voru rædd fram og til baka og er öllum stjórnarmönnum ljóst að líklegt megi teljast að einhverjir hnökrar verði á starfinu til að byrja með en vandamálin eru til að leysa þau. Enda kom berlega í ljós að kostir sameiningar eru miklu mun fleiri en gallarnir og því ekki eftir neinu að bíða“, segir Svavar Þór Guðmundsson, formaður BÍ.

Undanfarið hefur verið unnið að því að velja merki hins nýja félags og liti þess, en uppköst að merkjum eru tilbúin og tillögur að litum liðsins svo að um er að ræða formsatriði. Ekki er búið að manna stjórnina að fullu en vinna við það er í gangi. „Þetta eru gleðifréttir og eru menn ákveðnir í að taka þátt í þessari vinnu með bros á vör og af fullum krafti, ungu íþróttafólki í bænum til góða, enda snýst þetta um þau“, segir Svavar Þór.

Þess má geta að sameining stærstu félaganna innan HSV hefur staðið til í töluverðan tíma og var von manna þar á bæ að sameiningin hefði náð í gegn á síðasta ári.

Ný sjúkraþjálfunarstöð

Til stendur að opna nýja sjúkraþjálfunarstöð á Ísafirði í byrjun sumars. Stöðin hefur fengið nafnið Sjúkraþjálfun Vestfjarða, en það eru sjúkraþjálfararnir Steingrímur Þorgeirsson og Ólafur Halldórsson sem standa fyrir þessari framkvæmd. Steingrímur og Ólafur hafa unnið sem sjúkraþjálfarar hjá Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar undanfarin ár.

„Þetta er eitthvað sem við höfum alltaf ætlað að gera, fyrst var það reyndar á öðrum forsendum, en við ætluðum að fara út í þetta í samstarfi við bæinn. Þegar í ljós kom að ekkert yrði úr þeim framkvæmdum, ákváðum við bara að drífa í þessu sjálfir. Við viljum bjóða bæjarbúum þá þjónustu sem þeir eiga skilið. Biðlistinn í sjúkraþjálfun hjá Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar er ógnarlangur og getur fólk jafnvel þurft að bíða í marga mánuði eftir að komast þar að. Svigrúm hjá ráðuneyti er því miður ekkert og því er þetta svona. Með því að opna eigin sjúkraþjálfunarstöð tökum við málin í eigin hendur og öðlumst frelsi til framkvæmda og ákvarðanatöku,“ segir Ólafur.

Sjúkraþjálfun Vestfjarða verður staðsett á efstu hæð Íshúsfélags Ísfirðinga, en eigandi húsnæðisins erf Hraðfrystihúsið Gunnvör. Ólafur segir að til að byrja með megi reikna með þremur til fjórum starfsmönnum hjá stöðinni.

– *thelma@bb.is*

SKG veitingar

Starfsmaður í veitingasal

SKG-veitingar á Hótel Ísafirði óska eftir að ráða starfskraft til afleysinga í veitingasal í ca. tvo mánuði í sumar. Um 70% starf er að ræða. Einnig vantar okkur starfsmann í 100% starf í haust. Góð laun í boði fyrir góðan starfskraft. Lifandi starf í skemmtilegu starfsumhverfi.

Nánari upplýsingar gefur Karl í síma 895 0292 frá kl. 9-16 alla virka daga.

VINNUEFTIRLITIÐ

Eftirlitsmaður

Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða eftirlitsmann til starfa á Vestfjörðum.

Helstu verkefni eru:

· Vinnuvéla- og tækjaeftirlit.
· Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í landbúnaði.
· Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

· Staðgóð tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun.
· Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu.
· Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum.
· Reynsla í tölvunotkun æskileg.

Um er að ræða 100% starf með staðsetningu á Ísafirði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Starfssvið viðkomandi eftirlitsmanns nær að Holtavörðuheiði í Gilsfjarðarbotn ásamt norðanverðu Snæfellsnesi. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt greinargóðum upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði, fyrir **16. maí 2007**. Umsóknareyðublað er ekki notað.

Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Valgeiri Haukssyni, umdæmisstjóra, skrifstofu Vinnueftirlitsins á Ísafirði, sími 450 3080, 895 1594, netfang: valgeir@ver.is, Magnúsi Guðmundssyni, deildarstjóra vinnuvéladeildar og Þórunni Sveinsdóttur, deildarstjóra þróunar- og eftirlitsdeildar í síma 550 4600.

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980.

Menginmarkmið Vinnueftirlitsins:

· Að á vinnustöðum sé leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi með tiltækri þekkingu og bestu fáanlegri tækni.

· Að tíðni vinnuslysa og atvinnutengdra sjúkdóma sé með því lægsta sem gerist í þeim löndum, sem Ísland er helst borið saman við, og starfsánægja með því besta sem gerist.

· Að staðtölur vinnuslysa, atvinnutengdra sjúkdóma og vellíðunar á vinnustöðum gefi glögga mynd af þróuninni hérlendis og hvernig henni miðar í samanburði við þau lönd sem Ísland er helst borið saman við.

„Í skýrslunni kemur hann fram með mjög skemmtilega hugmynd, ásamt reyndar mörgum öðrum, um að sniðugt væri að setja upp litla galdrasýningu norður í Trékyllisvík.“

Vestfirðir eru ekki hinum megin á hnettinum

Strandamaðurinn og galdrakarlinn Sigurður Atlason er framkvæmdastjóri Strandagaldurs, sem nýlega hlaut Eyrarrósina, viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Sigurður er hugmyndaríkur og kraftmikill og hefur ásamt fleirum tekist að byggja upp öfluga stofnun sem þjónar bæði heimafólki og ferðamönnum. Galdrasafnið og Kotbýli kuklarans eru orðin þjóðþekkt fyrirbæri á meðan Þjóðtrúarstofa og Whales on wheels eru kannski minna þekkt. Blaðamaður BB sló á þráðinn til Sigurðar til að fræðast nánar um hann og verkefni Strandagaldurs.

–Byrjum á byrjuninni Sigurður. Hvaðan ertu?

„Ég er ættaður af Rauðasandi en er fæddur og uppalinn á Reykjavíkursvæðinu, í því sem hét Garðahreppur, en heitir nú Garðabær. Ég flutti svo til Hólmavíkur á táningsaldri. Þangað fór ég til að heimsækja bróður minn sem var þar í vinnu og það var svo mikið fjör að ég eyddi alltaf sumarhýrunni jafnóðum og ég fékk útborgað. Því átti ég aldrei fyrir rútunni til baka,“ segir Sigurður og hlær við. „En svona í fullri alvöru var þetta bara svona staður sem mér líkaði við og sérstaklega við fólkið. Það er gaman að segja frá því að þegar ég var krakki átti ég einhverskonar spil eða litlar plötur með heitum á þorpum allt í kringum landið. Ég hef verið svona sex ára gamall og ég lék mér að þessu látlaust. Ég man að uppáhaldsspjaldið mitt var Hólmavík. Og ég hafði aldrei komið þangað og hafði ekki hugmynd um hvaða staður þetta var. Þetta rifjaðist ekki upp fyrir mér fyrr en fyrir skömmu þegar ég var að skoða gamlar myndir, en þetta er skemmtileg tilviljun. Ég er svo búinn að vera á Hólmavík meira og minna síðan á unglingsárunum. Auðvitað hefur maður skotist frá af og til en það er bara svo gott að búa úti á landi. Reykjavík er ekkert alslæm og mér finnst ágætt að búa í Reykjavík öðru hvoru, og vera þá einn af öllum hinum um tíma. En eftir skamma stund vill maður fara aftur heim, þar sem maður hefur einhvernveginn meiri áhrif.“

Leist ekkert á þetta

–Hvenær byrjaðir þú í þessu galdrastússi öllu?

„Í galdrastússinu byrjaði ég fyrir meira en tíu árum. Þá var ég að vinna í handverki en ég er mikill áhugamaður um það. Ég vil koma handverki í almennilegt form þannig að úr verði vandaðir gripir sem eftirsóknarvert er að kaupa og eiga. Ég var þarna heilt sumar við það, mig minnir að það hafi verið árið 1996, að framleiða lítil galdrakver. Þau bjó ég til úr hlutum úr náttúrunni, t.d. úr rekaviði og fleiru, sem ég gat tengt saman við eitthvað þema. Hver bók var einn galdur og þetta gekk í sannleika sagt eiginlega allt of vel, ég framleiddi og framleiddi og þetta fór allt jafn óðum. Það var svo merkilegt að þetta fór eiginlega í taugarnar á mér,“ segir Sigurður glettnislega. „Þetta var pínulítið eins og að senda börnin frá sér, það fór mikill tími í hvert galdrakver og svo flaug þetta bara út. Þá tók ég á það ráð að hækka kverin í verði svo ég gæti átt þau eitthvað lengur, en það hafði engin áhrif. Það endaði með því að ég lagði þetta til hliðar og fór að vinna að öðru. Maður tekur þetta kannski aftur upp þegar maður fer á ellilífeyri og hættir að vinna.

Fyrir alvöru hefst galdrafárið svo þegar skýrsla sem Jón Jónsson, þjóðfræðingur og Strandamaður gerði er birt. Skýrsluna vann hann fyrir Héraðsnefnd Strandasýslu, og auðvitað sjálfan sig, þetta var verkefni hans í Háskólanum. Í skýrslunni kemur hann fram með mjög skemmtilega hugmynd, ásamt reyndar mörgum öðrum, um að sniðugt væri að setja upp litla galdrasýningu norður í Trékyllisvík. Með þetta fara þeir síðan að vinna, Jón og Magnús Rafnsson, sagnfræðingur á Bakka. Ég var aðeins með þeim í þessu í upphafi en svo leist mér orðið ekkert á þessa hugmynd og eiginlega gaf mig frá henni um tíma. Þeir héldu hinsvegar áfram ótrauðir og skömmu síðar var komin góð beinagrind að verkefninu. Eftir miklar rannsóknir, að mestu unnar af Magnúsi, var Galdrasýningin opnuð á Hólmavík.“

–Það varð þá ekkert úr sýningunni sem upphaflega var hugsuð í Trékyllisvík?

„Það eru ennþá áætlanir um að opna hana en það verður að koma í ljós hvenær það verður. Við þurfum meira fjármagn, því það er auðvitað mjög dýrt að byggja svona lagað upp. Það eru eru ekki bara byggingar og hús sem þarf að koma upp heldur þarf einnig að leggja peninga í rannsóknir og gefa sér góðan tíma í það.

–Hvað verður þá til sýnis þar?

„Það er ekki alveg endanlega búið að negla það niður hvað verður til sýnis í Trékyllisvík, en hún er auðvitað sá staður á landinu sem er kannski einna merkilegastur þegar kemur að galdrafári. Raunar hefst galdrafárið á Íslandi með þremur brennum sem voru þar haustið 1654. Þær marka í raun upphaf þessa 30 ára tímabils sem fylgdi í kjölfarið. Það var reyndar ein brenna þarna 28 árum fyrr, árið 1625 en það var einstakt mál. Ég geri ráð fyrir að á sýningunni í Trékyllisvík gerum við grein fyrir þeim frægu málum sem orsökuðu þessar brennur og fleiri mál sem komu upp í Trékyllisvík en eru ekki jafn fræg og hefur ekki verið fjallað jafn mikið um. Svo verður auðvitað fjallað um sveitirnar þarna í kring á þessum tíma. Þetta var mikið þéttbýli og þarna bjuggu 300-400 manns á sínum tíma. Þetta tekur allt tíma. Okkur tókst t.d. að opna Kotbýli kuklarans í Bjarnafirði árið 2005, fjórum árum eftir að við ætluðum upphaflega að opna. Við vorum aðeins of bjartsýnir í fyrstu. Við Kotbýlið eigum við eftir að klára ýmsa þætti en vonandi tekst okkur að komast í Trékyllisvík sem allra fyrst.“

Vilja ekki segja fólki alla söguna

–Segðu mér betur frá Kotbýli kuklarans.

„Kotbýli kuklarans er ímyndaður bústaður galdramanns á 16. öld. Við gefum fólki tækifæri á að koma inn í kotið, venjast birtunni, myrkrinu og andrúmsloftinu og finna það hvernig það hefur verið að búa í þessum kotum, því þetta er mjög ólíkt háreistu torfbæjunum sem við þekkjum. Þetta er bústaður fátæks leiguliða. Við fáum að kynnast því hvernig hann notar galdurinn, eða það sem við köllum í raun hjátrú í dag, til þess að gera lífið bærilegra, þó það sé ekki nema bara í huganum. Trúin á það að ef maður er í góðum tengslum við náttúrunna geti maður unnið með henni. Látið grasið vaxa hraðar og kýrnar mjólka betur og svo framvegis. Þarna erum við ekki að segja fólkinu alla söguna, við viljum það ekki, heldur viljum við gefa því vísbendingar og hvetjum það svo til þess að láta hugann reika og velta fyrir sér hvernig það hafi verið að vera venjulegur Íslendingur fyrir um 400 árum. Það er óhætt að segja að flestir fara ánægðir í burtu þrátt fyrir að ímyndunarafl manna sé auðvitað misfrjótt.

Eins og áður sagði eigum við eftir að gera talsvert mikið ennþá við Kotbýli kuklarans, við eigum t.d. eftir að ganga frá öllu umhverfinu en stefnt er að því að þarna verði einskonar fjölskyldugarður þar sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í að fræðast og leika sér að þjóðtrúartröllum sem á að koma fyrir. Á stóru svæði í kringum Kotbýlið verður þá einskonar ratleikur, sem tengist síðan tröllum og þjóðtrú, ævintýrum og sögnum.“

–Hvað komu margir að heimsækja Galdrasafnið á síðasta ári?

„Það komu um 8000 manns. Ennþá eru gestirnir að megninu til Íslendingar en hlutfall Íslendinga og útlendinga hefur verið að jafnast alveg frá upphafi. Ég gæti trúað því að nú séu þetta um 60% Íslendingar og 40% útlendingar. Það er býsna gott, sérstaklega miðað við það að við fáum bara 3% erlendra ferðamanna sem koma til Íslands hingað inn á svæðið. Við þurfum bara að auka straum þeirra inn á svæðið, þá getum við búist við talsverðri breytingu.“

Upplýsingamiðstöð um íslenska þjóðtrú

–Þjóðtrúarstofa er áhugavert verkefni sem er í mótun hjá Strandagaldursmönnum. Hver er hugmyndin á bak við það?

„Þjóðtrúarstofa er verkefni sem er um það bil að komast á legg. Við vitum það svo sem ekki alveg ennþá hvernig það kemur til með að ganga. Það er við ýmsar vindmyllur að berjast en það verkefni, eins og öll önnur verkefni sem Strandagaldur stýrir, gengur út á einskonar atvinnuþróun. Að þetta svæði sem við búum á geti boðið upp á atvinnutækifæri sem eru öðruvísi heldur en gengur og gerist. Þjóðtrúarstofuna sjáum við sem hreint og klárt viðskiptatækifæri og vinnustað þar sem að hægt er að leggja mikla áherslu á þennan menningararf sem íslensk þjóðtrú er. Einskonar upplýsingamiðstöð um íslenska þjóðtrú. Við vitum að það er þörf fyrir þesskonar miðstöð því að Strandagaldur fær á hverju ári hundruð tölvupósta erlendis frá, frá stúdentum og blaðamönnum, sem vilja fræðast um íslenska þjóðtrú. Þessu viljum við gjarnan sinna betur. Þjóðtrúarstofan er á því stigi núna að það eru komin einhver smáverkefni sem við erum að vinna að en það er enn frekar óskýrt ennþá hvað verður um þessa hugmynd. Ég er þó nokkuð bjartsýnn á að þetta skili einhverju. Núna eru að spretta upp fræðasetur allt í kringum landið og ég sé fyrir mér að Þjóðtrúarstofa eigi mikið erindi í samstarf við þessi setur. Stofan er nú þegar komin með samning við Háskóla Íslands um kennslu næsta vetur í stundakennslu. Hvert styrkir annað í þessu og við höfum reynt að vera í samstarfi við sem flesta aðila, ekki bara á akademískum grundvelli heldur horfum við einnig almennt til lista og menningar. Strandagaldur hefur verið í samstarfi við Landsbókasafnið, Þjóðminjasafnið, Norræna húsið, Náttúrustofu Vestfjarða og ótal aðra aðila.“

Eyrarrósin breytir miklu

–Þið fenguð Eyrarrósina fyrir skömmu. Hverju breytir þetta fyrir ykkur?

„Þetta breytir mjög miklu fyrir okkur. Þetta kemur á mjög góðum tímapunkti fyrir verkefnið. Það verður að segjast eins og er að það hefur verið hálf þunglyndislegt í okkur hljóðið undanfarna mánuði, því verkefnið skuldar mikla peninga. Það eru auðvitað skuldir sem við viljum losa okkur við, þó þær séu ekkert í vanskilum. Stjórnarmenn í Strandagaldri eru í sjálfskuldarábyrgð fyrir því og því miður er það þannig að bankinn er farinn að draga úr þjónustu við þá. Það liggur því á að koma skuldunum út af borðinu. Við fengum samning við Menntamálaráðuneytið um styrk í síðustu fjárlögum en hann er til næstu fimm ára. Við eyrnamerktum þann styrk til að borga niður skuldirnar á þessum fimm árum. Um leið leit þó út fyrir að við gætum ekki gert nokkurn skapaðan hlut næstu fimm árin og að rekstur myndi nánast liggja niðri. Þannig að Eyrarrósin, og fyrst og fremst viðurkenningin sem fylgir henni, þó að peningurinn sé kærkominn líka, skiptir svo miklu máli móralslega fyrir okkur. Ég vona þetta hjálpi okkur að sannfæra fleiri um að það sé alveg óhætt að setja nafn sitt við Strandagaldur. Við höfum

„Við megum ekki alltaf vera að mála okkur út í horn og standa í stríðum milli svæða. Þetta er ein heild. Það er alveg ótrúleg gróska í ferðaþjónustu enda er margt að sjá og gerast á Vestfjörðum.“

sýnt það og sannað. Að vinna Eyrarrósina ætti að vekja áhuga hjá fyrirtækjum að vera þátttakendur í verkefninu og leggja sitt af mörkum.

Eitt af lykilatriðum hjá Strandagaldri er að styðja við ferðaþjónustu á svæðinu og það er einmitt ástæðan fyrir því að við byggjum ekki eitt einungis stórt galdrasafn á Hólmavík, heldur minni einingar víða á Ströndum, til þess að margföldunaráhrifin verði sem mest af verkefninu. Nú þegar hefur verkefnið reyndar alveg gríðarleg áhrif út í samfélagið og út í ferðaþjónustu sérstaklega, því það er að draga að sér fjöldann allan af fólki, bæði innlendu og erlendu ferðafólki sem kemur hingað í þeim tilgangi að taka þátt í þessu galdrafjöri sem við eigum vonandi eftir að efla enn meira á næstu árum. Þetta skilar einfaldlega svo miklum peningum út í samfélagið. Þó að tekjurnar sem slíkar, inn í galdarsýningarverkefnið séu ekki svo miklar þá hafa ferðaþjónustan og íbúar á svæðinu, og á Vestfjörðum öllum, svo mikinn akk af þessu. Það er mjög mikilvægt.

Ég held að það sé ekki bara hér á Ströndum sem að fólk lítur á ferðaþjónustu sem tækifæri. Ef við tökum alla Vestfirði sem heild þá hljóta að liggja alveg gríðarleg tækifæri í ferðaþjónustunni og öllu sem skapast í kringum hana. Við erum að fá svo óskaplega lítið brot af þeim erlendu ferðamönnum sem koma til landsins. Ég bind miklar vonir að með tilkomu Markaðsstofu Vestfjarða, eigi fjöldi ferðamanna eftir að aukast töluvert.“

–Hvað heldur þú að þurfi helst að bæta til að þetta gerist?

„Það þarf að bæta þjónustu og það þarf að bæta aðgengi að svæðinu. Það þarf einnig vissa hugarfarsbreytingu, kannski ekki síst hjá ferðaskrifstofum og hjá stóru ferðaþjónustuaðilunum í landinu. Þeirra sem eru að auglýsa landið og selja ferðir. Þar finnst mér oft næstum gæta andstreymis og nánast eins og reynt sé að að draga úr því að fólk heimsæki Vestfirði. Þetta kemur auðvitað til vegna þess að margir er með svo ranga hugmynd um það hvernig ástandið er hérna. Mörgum finnst einnig alveg afspyrnu langt á þetta svæði. Við þurfum einhvernvegin að koma því á framfæri að Vestfirðir eru ekki hinumegin á hnettinum. Við hugsum því oft um það hér á Ströndum hvort það sé nokkuð gott fyrir okkur að bindast of mikið ímynd Vestfjarða, því ef við hugsum þetta svona er auðvitað mun styttra til Hólmavíkur en á Ísafjörð. Útaf fyrir sig er ekki skrítið að við veltum þessari spurningu fyrir okkur. En eigi að síður áttum við okkur á því að það þarf að styrkja allt svæðið. Með því að styrkja allt svæðið eflir það ferðaþjónustu á því líka. Við erum t.d. miklir talsmenn fyrir því hér að Látrabjarg verði gert að þjóðgarði og að það verði notað sem eitt stærsta vörumerki Vestfjarða. Þó að Látrabjarg sé hinumegin á Vestfjörðum er það nú bara þannig að ef fólk er á annað borð komið á kjálkann eru líkur á því að það komi líka til Hólmavíkur. Við megum ekki alltaf vera að mála okkur út í horn og standa í stríðum milli svæða. Þetta er ein heild. Það er alveg ótrúleg gróska í ferðaþjónustu og tengdri þjónustu enda er margt að sjá og gera hérna á Vestfjarðakjálkanum. Annað sem vantar hingað á Strandir er möguleikinn á gæðagistingu. Slíkt myndi ekki taka frá neinum sem þegar er með þjónustu á svæðinu, heldur aðeins bæta við. Ástandið er samt þannig, og ekki bara hérna á Hólmavík heldur víðar, að háannatímabilið er kannski þrjár til fjórar vikur yfir hásumarið. Restina af sumrinu er því miður minna að gera. Til að auka ferðamannastrauminn þarf að vera viss grunnþjónusta fyrir hendi. Það þýðir ekki að byrja á því að fá til okkar fullt af fólki og hafa svo ekkert pláss fyrir það. En þetta er dýrt. Að byggja hótel myndi kosta marga tugi, ef ekki hundruðir milljóna.

Ég segi oft að við þurfum líka að hugsa um það að hafa meiri tekjur af hverjum ferðamanni sem kemur. Ef við fáum hvern ferðamann til að eyða 1000 krónum meira þá getur það verið jafn gott og að fá til okkar fleira fólk. Ég er sannfærður um að það er hægt að auka tekjur af hverjum ferðamanni. Það verður kannski helst gert með því að hafa veitingastaði opna lengur, hafa meira úrval á boðstólnum í handverki og reyna að halda vörunni sem er í boði meira að fólki. Mér skilst t.d. að á Ísafirði vanti töluvert uppá að þessir 3000-4000 ferðamenn sem koma með skemmtiskipum fái tækifæri til þess að versla á Ísafirði.Verslanir þar eru kannski ekki ennþá búnar að kveikja á perunni með að draga túristana inn til sín. Það eru svona einfaldir hlutir sem geta aukið veltuna mjög mikið, að verslunareigendur og þeir sem starfa við ferðaþjónustu séu meira vakandi fyrir því að leyfa fólkinu að taka upp veskin sín eins og það vill. Það á auðvitað ekkert að vera að svína á fólki, það þarf auðvitað líka að vera ákveðið sakleysi og virðing í spilinu. En ef við ætlum að fara að horfa á þessa ferðaþjónustu sem alvöru atvinnuveg, og það stefnir í það, verðum við að gjöra svo vel að hugsa málið til enda og hafa tekjur af því. Öðruvísi eflist ekki þjónustan.“

Líður ekki sá dagur að ekki sjáist hvalur á firðinum

–Þið virðist vera óþreytandi á því að koma upp með nýjar hugmyndir til að laða að ferðamenn. Segðu mér frá hugmyndinni um Whales on wheels.

„Við höfum verið að gera rannsóknir á því hvort mögulegt sé að byggja upp sérstaka afþreyingu, náttúru- og sögutengda, til þess að halda fólki lengur á svæðinu. Whales on wheels er verkefni sem er ekkert komið á koppinn ennþá en þetta var hugmynd sem kom upp í sambandi við fornleifarannsóknirnar sem verið er að vinna í Hveravík í Steingrímsfirði, en þar er gömul basknesk hvalveiðistöð frá 17 öld. Við viljum auglýsa Steingrímsfjörð sem fyrirtaks hvalaskoðunarstað úr landi. Og það eru ekki aðeins hvalir sem eru áberandi á firðinum heldur einnig selir og margar tegundir af fuglum. Fjöldi fólks veigrar sér við því að fara á bát til að skoða hvali og því er þetta kjörið fyrir þá. Það er mjög mikið frjálsræði í því að fara á milli þessara svæða við fjörðinn og fylgjast með dýralífi og fá allar upplýsingar jafnóðum.

Við sjáum þetta þannig fyrir okkur að það verði komið fyrir fimm sjónaukum allt í kringum fjörðinn. Við þessar útsýnisstöðvar verða einnig upplýsingar um hvalina, fuglalífið, selinn og allt þetta sem er svo eftirsóknarvert að sjá. Yfir sumartímann líður ekki sá dagur að við sjáum ekki hval stökkva hérna úti á firðinum. Selirnir liggja á steinum og það er búið að skrásetja fuglalífið við fjörðinn mjög vel. Notkun á kíkjunum myndi vera ókeypis, tekjurnar ættu síðan að koma með aukinni komu ferðamanna og ekki síst, að þeir myndu dvelja lengur. Það er einnig hægt að hugsa sér sérstaka minjagripaframleiðslu sem tengist merki verkefnisins. Selja fólki kort af svæðinu svo það rati á milli sjónaukanna og fleira. Whales on wheels sé ég fyrir mér að verði komið í gang í fyrsta lagi 2008. Þetta er í ákveðnum farvegi, íbúar í Steingrímsfirði eru t.d. mjög duglegir að skrá hvalasýnir sínar inn á sérstaka vefsíðu. Þetta eru upplýsingar

Farfuglar snemma á ferðinni á Vestfjörðum

Farfuglarnir eru tiltölulega snemma á norðanverðum Vestfjörðum í ár en þeirra hefur vart víða í fjórðungnum. Heiðlóur sáust í Steingrímsfirði, Dýrafirði, Önundarfirði og á Ísafirði fyrir stuttu. Fyrsta heiðlóan sást þó 9. apríl en það var á Reykhólum. Einn jaðrakan var á Ísafirði stuttu síðar. Sandlóur sáust í Önundarfirði og á Ísafirði. Hrossagaukur, lóuþræll, heiðagæs og margæsir í Steingrímsfirði. Auk þess sem stelkur sást mjög víða. Þá sást einn rauðbrystingur á föstudaginn í Gilsfirði, Vestfjarðameginn. Fjöldi þeirra verður í hámarki um miðjan maí en þeir fara hér um á leið til Grænlands og Kanada. Fjórir jaðrakanar voru komnir í Önundarfjörðinn fyrir helgi og þar af einn litmerktur. Sá fugl hafði verið merktur í Grafarvogi í júlí 2002 og sést í Belfast (Írland) yfir vetur og á Mýrum að vori.

sem við síðan söfnum síðan saman því við þurfum að hafa í höndunum hvar hvalinn er helst að finna, t.d. eftir árstímum og tíma sólahringsins. Við erum að safna þessu saman núna svo að við vitum hvar við eigum helst að koma sjónaukunum fyrir.“

Tilberaklúbburinn vinsæll

–Fólk getur gengið í sérstakan klúbb til að styrkja Galdrasafnið ekki satt?

„Jú, Tilberaklúbburinn var settur á laggirnar strax árið 2000. Hugmyndin var að gefa fólki tækifæri á því að styrkja verkefnið og fylgjast með og geta verið þáttakendur í því að einhverju leyti. Það eru um 120 manns í tilberaklúbbnum, alls staðar að. Ég held að u.þ.b. helmingur tilbera séu héðan af svæðinu og hinn helmingurinn dreifist allt í kringum landið. Fólkið sem gengur í klúbbinn borgar lítið árgjald og í staðinn fær það afslátt af vörum í búðinni okkar, ókeypis inn á sýningar eins oft og því sýnist. Tilberaklúbburinn er ekki síst hugsaður fyrir heimafólk, að það geti komið til okkar oft yfir sumarið án þess að þurfa að taka upp budduna til að fylgja gestum sínum. Það eru mjög margir sem nýta sér þetta og það er mikill akkur fyrir sýninguna því við fáum fleiri gesti með þessu. Þetta eru í orðsins fyllstu merkingu tilberar, þeir draga fólk að sýningunni, draga björg í bú eins og sannir tilberar eiga að gera.“

Fólk úti á landi er líka að gera stórmerkilega hluti

–Strandagaldur hefur tekið internetið í sína þjónustu og rekur verslun á netinu.

„Strandabúðin á netinu var opnuð fyrir u.þ.b. tveimur árum. Nýlega fór hún svo í andlitslyftingu. Netverslunin er farin að skipta töluverðu máli í rekstri minjagripabúðanna okkar. Við seljum þarna allar þær vörur sem við erum með í minjagripabúðinni okkar hér á staðnum, m.a. bækur, boli, peysur og fleira. Þetta eru vörur sem eru ýmist framleiddar á svæðinu eða við látum framleiða fyrir Galdrasýninguna. Þetta eru yfirleitt vörur sem fást ekki annarsstaðar. Ég sé fyrir mér að það gæti verið gaman að verslunin verði opnuð fyrir fleiri sem standa í einhverri framleiðslu hér á kjálkanum. Þeir geti þá komið sinni vöru á framfæri þarna líka, sama hvar þeir eru búsettir. Þannig gæti handverksfólk mögulega haft meiri tekjur utan háannatíma. Það er auðvitað ekki hægt að lofa neinu í þessum efnum, en mér finnst alveg þess virði að gera tilraun til þessa. Við höfum lagt mikla áherslu á að byggja upp góða verslun í tengslum við Galdrasýninguna. Allt í kringum landið finnst mér sýningar og söfn yfirleitt ekki hugsa nógu mikið um þetta mál. Ég efast ekki um það að flestar sýningar eru ekki ólíkt staddar og við, og veitir því ekki af aukatekjum. En þetta kostar auðvitað vinnu og svolitla fyrirhöfn.“

–Nú er ansi öflugum fréttavef haldið úti á Ströndum, Strandir.is. Þó að hann tengist Strandagaldri ekki beint hlýtur hann að hafa eitthvað að segja fyrir verkefnið.

„Strandir.is hefur skipt alveg gríðarmiklu máli í markaðssetningu Strandagaldurs. Þessi vefur hefur gert það að verkum að okkur tekst að koma á framfæri upplýsingum. Við verðum t.d. sjaldan jafn glaðir og þegar við sjáum frétt af síðunni okkar birta á öðrum fréttavefjum. Þá er takmarkinu náð. Þá lesa það fleiri og fleiri vita um að hér á Ströndum býr líka fólk og hér er meira um að vera en margur heldur. Og það skiptir miklu máli. Ég trúi því að þetta sé svona um allt land, en við, fólkið á landsbyggðinni þurfum að koma því á framfæri sjálf. Það gerir enginn hlutina fyrir okkar. Þessir litlu fréttavefir hingað og þangað um landið geta hjálpað svo mikið upp á að fólk, á stór-Reykjavíkursvæðinu sérstaklega, sjái að það er líka fólk að draga andann úti á landi og að gera stórmerkilega hluti.“

Galdrabær í Noregi

–Eru fleiri verkefni á döfinni?

„Verkefni sem er mjög mikilvægt fyrir okkur í framtíðinni er samstarf sem við eigum við aðila í norður Noregi, í bæ sem heitir Vardø. Þeir höfðu samband við okkur fyrir nokkrum árum en þeir hafa hug á því að gera Vardø að galdrabænum í Noregi. Þessi bær á sér frekar dökka sögu í þeim málum og ég á von á því að á komandi árum munum við hjálpa þeim að koma upp galdrasafni þar. Einnig munum við reyna að hjálpa þeim að markaðssetja bæinn sem galdrabæinn í Noregi. Við erum búnir að fara út í heimsókn til þeirra tvisvar og þeir hafa komið hingað til okkar. Þar vantar mikið uppá þessa hugsun sem ég var að lýsa varðandi að draga til sín ferðafólk og ekki síst að bjóða þeim vörur til sölu.

Noregsverkefnið er mjög spennandi, þessi misserin eru verið að vinna mest að fræðilega hlutanum sem er auðvitað viss grunnur sem þarf að ganga frá. Þau hafa verið að halda ráðstefnu á hverju ári og núna í vor verður stór ráðstefna um heimsgaldra. Þangað munu koma allir helstu sérfræðingar í heiminum á þessu sviði og spjalla saman. Það verður gaman að taka þátt í því. Þarna verður Magnús Rafnsson, okkar sagnfræðingur með fyrirlestur og reyndar fleiri frá Íslandi. Það er ærið verkefni fyrir höndum að koma þessum bæ á kortið í Noregi, eins og okkur hefur tekist með Strandir á Íslandi og raunar um alla veröld. Þetta er orðið heimsfrægt verkefni. Hingað koma rithöfundar og listamenn til að sækja sér innblástur, út hafa komið t.d. teiknimyndabækur, kvikmyndir og skáldsögur þar sem verkefnið kemur inn í á einhvern hátt.

Við erum í samstarfi við fleiri aðila erlendis, bæði á Nýfundnalandi og í Kanada, en það er í sambandi við Baskarannsóknirnar í Hveravík. Bara núna síðast í morgun var ég svo í samskiptum við stóra stofnun í Baskalandi sem vinnur að endursmíð á baskneskum skipum og bátum. Þá langar að kynnast okkur betur og sjá hvað er að gerast hér. Þeir stefna að því að koma á Vestfirði með skip árið 2009 og sigla á slóðir Baska. Vonandi tekst okkur að búa til stóra og mikla baskneska hátíð á öllu svæðinu, til að bjóða þá velkomna og vekja athygli á þessu. Það eru ansi mörg verkefni í vinnslu hjá okkur sem þarf að klára og bæta við. Vonandi getum við farið að bæta við okkur mannskap og ekki þá síst fólki sem er hér á svæðinu, og að fólk sem er í nánu samstarfi við Strandagaldur geti séð fram á að komast í fasta stöðu.“

– tinna@bb.is

Þrjú ný póstkort frá Ísafjörður collection

Fyrirtækið Ýmislegt smálegt ehf. hefur gefið út þrjú ný póstkort undir vörumerkinu Ísafjörður Collection. Póstkortin prýða myndir frá þremur af helstu viðburðum Ísafjarðar; Aldrei fór ég suður-rokkhátíð alþýðunnar, Mýrarboltanum og Fossavatnsgöngunni. Ýmislegt smálegt er, eins og kunnugt er, í eigu tveggja ungra Ísfirðinga sem hafa margar hugmyndir um hvernig má ná utan um ísfirska heimsborgarastemningu til markaðssetningar. Með tilkomu nýju póstkortanna eru átta póstkort nú í boði sem ætlað er „að fanga hinar mörgu hliðar Ísafjarðar. Ísafjarðar sem lítillar heimsborgar, sem lítils bæjar milli hárra fjalla, sem bæjar með sögu og skemmtilegu fólki. Póstkortin flytja ísfirska stemningu, sem jafnframt er alíslensk, yfir fjöll og firði, höf og lönd“, eins og segir á vefsíðu fyrirtækisins.



Bolungarvík: Hraustur bær, traustur bær

Bolvíkingar eru í sóknarhug og vilja efla og styrkja samfélagið innan frá ásamt því að nýta þau nýju tækifæri sem skapast með göngum undir Óshlíð. Þetta kom fram á íbúaþingi sem 130 manns á öllum aldri sóttu í febrúar. Fyrir þingið var unnið með þremur bekkjum grunnskólans og var afrakstur þeirrar vinnu kynntur á þinginu. Samtals tóku því 14,5% íbúa þátt í umræðu um framtíðarsýn Bolvíkinga, sem unnið verður frekar úr við gerð aðalskipulags sem nú stendur yfir.

Villtir draumar, kvikmyndaver og fullorðinsfræðsla voru meðal hugmynda sem fram komu á íbúaþingi Bolvíkinga í febrúar.

Stýrihópur hefur farið yfir skilaboð íbúanna frá þinginu ásamt ráðgjöfum frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta. Þar var forgangsröðun hugmynda og verkefna ákveðin og í framhaldi af því verður aðgerðaáætlun kynnt bæjarbúum. Yfirskrift þingsins var „Það er rok, rok ég ræ ekki... hvað geri ég þá?" og vísar til „þjóðsöngs" Bolvíkinga. Í yfirskriftinni felst sú grundvallar spurning á hverju Bolvíkingar vilja byggja til framtíðar, nú þegar sjávarútvegur hefur dregist saman frá því sem mest var.

„Samvera með fjölskyldunni, falleg náttúra allan ársins hring og kyrrð er það sem íbúar í Bolungarvík kunna best að meta og ennþá frekar þegar nóg er að gera og Óshlíðin ógnar ekki", segir í tilkynningu frá Grími Atlasyni bæjarstjóra.

Í umræðu um atvinnumál komu ýmis sóknarfæri fram, t.d. í menningar- og heilsutengdri ferðaþjónustu sem er lítil fyrir, þótt á miklu sé að byggja. Náttúra og saga býður upp á ýmis tækifæri. Sem dæmi má nefna einstaklega góð berjalönd í nágrenni bæjarins. Þar að auki er náttúrulegt umhverfi Bolungarvíkur áhugaverður vettvangur ýmiskonar vísindarannsókna, að mati þátttakenda. Ýmsir möguleikar eru í fjarvinnslu, t.d. fyrir opinbera aðila en ótraust rafmagn er þó til vandræða á því sviði.

Menntun, fullorðinsfræðsla og samstarf skóla var ofarlega á baugi í umræðu um samfélag Bolvíkinga. Þá mætti auka samskipti ýmissa hópa, t.d. yngri og eldri borgara og ekki síst samskipti erlendra íbúa og hinna íslensku. Töldu þátttakendur að allt samfélagið þurfi þar að leggjast á eitt, vinnustaðir, stofnanir og leiðtogar í samfélaginu, af innlendu og erlendu bergi. Húsnæði vantar fyrir félagsstarf eldri íbúa en almennt var mikil ánægja með opinbera þjónustu í Bolungarvík.

Miðbær Bolungarvíkur er að mati þátttakenda við þau gatnamót þar sem Félagsheimilið Víkurbær stendur. Kallað var eftir endurbótum á því húsi og að það verði lifandi menningarmiðstöð. Vilji var til að bæta ásýnd og umhverfi í bænum með tiltekt þar sem allir legðu sitt af mörkum. Auk þess kom fram sú hugmynd að útbúa þrjár gönguleiðir í bænum, svokallaða heilsuhringi. Samkvæmt hugmyndinni yrði til einn þrekhringur á bökkum Hólsár, einn hringur í gegnum byggðina þar sem göngufólk upplifði útsýni og mannlíf bæjarins og einn útivistarhringur sunnan við bæinn.

Ungt fólk setti mikinn svip á þingið og meðal þeirra hugmynda má nefna kvikmyndaver og tónlistarháskóla, enda sterk tónlistarhefð í Bolungarvík. Góðar aðstæður til útivistar og tómstunda eru mikilvægar að þeirra mati og einnig lögðu þau áherslu á fleiri atvinnumöguleika fyrir háskólamenntað fólk samhliða blómlegum sjávarútvegi.

Einn hópur vann út frá yfirskriftinni „Villtir draumar" og varpaði hann fram ýmsum hugmyndum sem einungis þurftu að uppfylla það skilyrði að vera ekki of gerlegar. Þar kom fram að Bolungarvík „Crazy Town" eða „Hvatabær", gæti orðið staður sem fólk ferðaðist til með Vestfjarðahraðlestinni, færi í kláf upp á Bolafjall og gisti og skemmti sér í stóru skipi sem komið væri upp á land og gerði út á ný mið í ferðaþjónustu, svo fátt eitt sé nefnt.

Framtíðarsýn íbúa er sú að Bolungarvík verði „hraustur bær" í víðustu merkingu þess orðs, þannig að stefnt sé að heilbrigði í umhverfi, efnahag og í samfélaginu. Vildu þinggestir sjá að umhverfið verði áfram jafn fallegt og að íbúum fjölgi í fjölskylduvænu samfélagi þar sem í boði eru fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir alla, án stóriðju. Byggt verði á styrk Bolungarvíkur og á þeim grunni sem þegar er til staðar, s.s. Heilsubæjarverkefni. Keppnisskap Bolvíkinga verði virkjað og samfélagið einkennist af sköpun, frumkvæði og samheldni, þannig að Bolungarvík verði líka „traustur bær".

– thelma@bb.is

Sautján félagasamtök fengu styrki til greiðslu á fasteignagjöldum

Ísafjarðarbær styrkti 17 félagasamtök í sveitarfélaginu um greiðslu á fasteignaskatti og holræsagjöldum á árunum 2004-2007. Samtök sem fengu styrki á tímabilinu eru Oddfellow, Tónlistarfélag Ísafjarðar, Kiwanisklúbburinn Básar, Lionsklúbbur Önundarfjarðar, Kvenfélagið Von, Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna, Félag eldri borgara í Önundarfirði, Framsóknarfélagið Ísafirði, Skátafélagið Einherjar - Valkyrjan, Hestamannafélagið Stormur, Hollvinafélag Skíðheima, Golfklúbbur Ísafjarðar, Björgunarsveitin Björg, Önfirðingafélagið, Frímúrarastúkan Njála, siglingaklúbburinn Sæfari og Kærleiksboðberarnir. Styrkirnir nema um 4,5 milljónum króna.

Ekki eru upptaldir styrkir til Minjasjóðs Önundarfjarðar eða félagasamtaka vegna gömlu vélsmiðjunnar á Þingeyri, en þeim var veittur styrkur á fyrri hluta tímabilsins.

Á síðari hluta tímabilsins voru tekin í gildi lög sem gerðu söfn undanþegin fasteignaskatti og holræsagjaldi sveitarfélaga.

– tinna@bb.is

Súðavíkurhreppur

Kennarar athugið!

Súðavíkurhreppur er sveitarfélag við Ísafjarðardjúp og er kauptúnið Súðavík við Álftafjörð þéttbýlasti hluti hreppsins. Hreppurinn skartar mjög fallegri og ósnortinni náttúru og veðursæld er mikil. Einungis 10 mínútna akstur er á Ísafjarðarflugvöll og tekur 40 mínútur að fljúga til Reykjavíkur.

Við Súðavíkurskóla eru stöður grunnskólakennara fyrir komandi skólaár lausar til umsóknar. Meðal kennslugreina er kennsla yngri barna og almenn kennsla á unglingastigi (stöður umsjónarkennara) sem og íþróttakennsla á öllum skólastigum, textílmennt og heimilisfræði.

Skólahúsnæðið er glæsilegt og vel búið og saman stendur af grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla ásamt íþróttahúsi og mötuneyti. Skólinn er einsetinn með fámennum aldursblönduðum bekkjardeildum, vel búinn tækjum og góðri vinnuaðstöðu. Mikil samkennsla og samvinna er við leikskólann þar sem elstu nemendunum er kennt með yngstu nemendum grunnskólans.

Leikskólinn er gjaldfrjáls. Lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 7. maí 2007. Nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir, skólastjóri í hs. 456 4985, vs. 456 4924, gsm: 893 4985 og á netfanginu annalind@sudavik.is.

ÍSAFJARÐARBÆR

ATVINNA

Starfsmann vantar til starfa á gámasvæði Funa í Engidal. Minni vinnuvélaréttindi nauðsynleg. Launakjör samkvæmt samningum Verkalýðsfélags Vestfirðinga og Ísafjarðarbæjar.

Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá stöðvarstjóra í síma 894 5959. Umsóknarfrestur er til 7. maí 2007.

Ingibjörg María ráðinn skólastjóri Þjórsárskóla

Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, hefur verið ráðinn skólastjóri Þjórsárskóla í Skeiða- og Gnjúpverjahreppi. Að sögn Sigurðar Jónssonar, hreppstjóra, var full samstaða skólanefndar og hreppsnefndar um ráðninguna. Samkvæmt samningi ætti Ingibjörg María að hefja störf 1. júní nk. og segir Sigurður það vera samkomulagsatriði og eflaust þurfi hún að ganga frá sínum málum á Ísafirði. Hún muni þó hefja störf í sumar við að undirbúa næsta skólaár. Átta einstaklingar sóttu um stöðuna en á grundvelli viðtala sem unnin voru með aðstoð Skólaskrifstofu Suðurlands var samþykkt samhljóða að mæla með Ingibjörgu Maríu í starf skólastjóra.

Guðjón Arnar Kristjánsson

– oddviti Frjálslynda flokksins

Bæjarins besta hefur undanfarnar vikur rætt við frambjóðendur stærstu flokkana í NV-kjördæmi um helstu hugðarefni Vestfirðinga, en eins og kunnugt er verður gengið til alþingiskosninga þann 12. maí næstkomandi. Sturla Böðvarsson, Sjálfstæðisflokki reið á vaðið, þá kom Guðbjartur Hannesson, Samfylkingur næstur, Jón Bjarnason, Vinstri grænum var þar á eftir og í síðasta blaði var Herdís Sæmundardóttir, Framsóknarflokki. Nú er röðin komin að Guðjóni Arnari Kristjánssyni, oddvita Frjálslynda flokksins og formann flokksins.

Fiskveiðarnar eru undirstaðan

– Hvernig telur þú að ríkisvaldið geti komið að því að efla atvinnulíf á Vestfjörðum? Sérðu fyrir þér breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á næstu árum, og hverjar þá?

„Auðveldast og eðlilegast væri að efla möguleika til fiskveiða. Fiskveiðar eru og verða sú undirstaða atvinnu á Vestfjörðum sem mestu skiptir að sé öflug. Það verður að geta orðið endurnýjun í atvinnugreininni með innkomu ungs og efnilegs fólks. Kvótakerfið í dag býður ekki upp á innkomu nýrra aðila, sem er nauðsyn ef vel á að fara. Ef áfram verður haldið með óbreytt fiskveiðistjórnunarkerfi, sem veitir þeim stóru sem fyrir eru í útgerð og fiskvinnslu algeran forgang, mun þjóðin missa auðlindina til framtíðar yfir í einkaeign. Fólkið og byggðirnar eru í vörn og búa við algert öryggisleysi um þessa undirstöðuatvinnugrein. Sú staða er algerlega ósættanleg. Þjóðin á að tryggja eign sína og arð af óveiddum fiski í sjó og útgerðinni verður að vera ljós sinn veiðiréttur til ákveðins tíma, þ.e. tímabundinn nýtingarréttur útgerðarinnar til þess að stunda fiskveiðar. Koma á í veg fyrir það að í framtíðinni verði kvótinn varanleg eign fárra manna. Þjóðareign þarf að tryggja og marka nýtingarrétti skýrar tímasettar leikreglur. Samgöngur verða að batna hratt og flutningskostnaður að lækka. Háskólinn verður að geta hafið kennslu sem frjáls háskóli sem getur þróað sínar áherslur og samstarf. Við eigum að efla iðnnámið og tengja það við nýsköpun. Fjölga þarf opinberum störfum og efla rannsóknarstörf á Vestfjörðum. Ferðamannastraum þarf að auka og bjóða upp á fleiri möguleika til náttúruskoðunar en Hornstrandir og Látrabjarg þó þar megi vissulega bjóða upp á margt nýtt ef landeigendur eru jákvæðir fyrir nýjungum og fjölbreytni.“

Almennt mótfallinn því að Íslendingar eigi nokkurn þátt í stríðum

– Taldirðu rétt á sínum tíma að Ísland færi á lista hinna staðföstu í Washington, og tæki þátt í Íraksstríðinu – og hefur afstaða þín til stríðsins, og þátttöku Íslands í því, breyst á síðustu misserum?

„Nei. Það var valdbrot tveggja manna sem ákváðu að við værum viljugir í stríð. Ég vil að Ísland fari út af listanum sem fyrst. Í fyrsta lagi var þetta í raun og veru ákvörðun tveggja manna. Þetta var ekki borið undir utanríkismálanefnd. Þessi að-

Frjálslyndi flokkurinn vill að fiskveiðar verði opnaðar strax fyrir nýliða með því að leyfa handfæraveiðar á eigin bátum.

Við viljum að fisktegundum í kvóta verði fækkað. Sett verði löggjöf um sölu og leigu á aflaheimildum og tryggð þjóðareign á fiskimiðunum og nýtingu þeirra.

AFNÁM KVÓTA-KERFISINS ER KOSNINGAMÁL

Kæru Vestfirðingar.

Við minnum á að kosningaskrifstofa okkar er á Silfurtorgi 1.
Við erum með opið á skrifstofutíma og bjóðum þér að koma við, kynna þér stefnu flokksins og þiggja kaffisopa.
Allir velkomnir!

Guðjón, Ragnheiður, Þórunn og Kristinn.

Kjóstu F! forysta fyrir íslenska þjóð

xF Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

Silfurtorg 1| Ísafirði | sími 456 3027

Hjalti ráðinn veiðieftirlitsmaður

Hjalti Þórðarson á Ísafirði hefur verið ráðinn í stöðu veiðieftirlitsmanns við útibú Fiskistofu á Ísafirði. Hjalti hefur lengst af starfað sem sjómaður, en hefur undanfarin ár unnið hjá Sindrabergi og Áseli. Síðast vann Hjalti hjá Stjörnubílum. Í starfi veiðieftirlitsmanns felst m.a. í því að fylgjast með löndunum og fara í veiðiferðir, bæði með íslenskum og erlendum fiskveiðiskipum. Við ráðningu í stöðu veiðieftirlitsmanns urðu þær breytingar á útibúi Fiskistofu á Ísafirði að staða útibússtjóra verður að fullu skrifstofustarf, í stað hálfrar stöðu áður, á móti eftirlitsstarfi á vettvangi.

Þrír sóttu um stöðu skólameistara MÍ

Þrír sóttu um stöðu skólameistara við Menntaskólann á Ísafirði en umsóknarfrestur rann fyrir stuttu. Umsækjendur eru Agnes Karlsdóttir, framhaldsskólakennari, Hildur Halldórsdóttir, framhaldsskólakennari og Jón Reynir Sigurvinsson, aðstoðarskólameistari sem öll starfa við Menntaskólann. Miðað er við að menntamálaráðherra skipi í stöðuna til fimm ára frá 1. ágúst, að fenginni tillögu hluteigandi skólanefndar.

dragandi og ákvörðun var afar sérstök, að tveir forystumenn gætu tekið þessa ákvörðun fyrir hönd Íslands. Ég hef sagt það alveg hreint út að ég telji þetta valdbrot af þeirra hálfu. Þeir hafi farið út fyrir það lagalega ferli sem þeim bar að viðhafa í þessu máli. Í annan stað er ég almennt á móti því hvort sem við erum að tala um Íraksstríðið eða einhver önnur stríð að Íslendingar séu þátttakendur í því með neinum hætti. Ég tel það ekki hlutverk okkar, og þá stefnu mótuðum við fyrir áratugum síðan þegar við gerðumst aðilar að NATO, og tjáðum þá skoðun okkar að við vildum vera vopnlaus og friðsöm þjóð. Síðan hefur þróunin í Írak, því miður, farið á verri veg ef eitthvað er að mínu mati. Þar eru morð daglegt brauð og þjóðin nánast í herkví, bæði innri átaka og hergæslunnar. Því miður er langur vegur frá því að maður hafi nokkra tilfinningu fyrir því að hagur þessarar þjóðar sé að batna. Ég held að hann eigi því miður eigi eftir að versna enn, og menn eigi jafnvel eftir að ganga í gegnum meiri hremmingar, og voru þær nógar fyrir. Mér finnst staðan í Írak vera orðin slík að Sameinuðu Þjóðirnar þurfi að setja af stað eitthvað friðarferli, þar sem þessum herjum verður náð út úr landinu og einhverri lendingu verður náð, eigi þessi þjóð að öðlast frið. Þetta ástand er gersamlega óþolandi eins og það er og nánast öllum til minnkunar sem að þessu verki komu, hvernig sem það bar að."

Þurfum að fá sjálfstæðan háskóla

– Hvernig sérðu fyrir þér uppbyggingu menntamála í fjórðunginum á næstu árum – með sérstakri áherslu á háskólabyggingu á Ísafirði og framhaldsskólauppbyggingu á síðustu misserum?

„Við þurfum að fá sjálfstæðan háskóla sem getur fengið að þróast og nýtir sínar áherslur og hugmyndir án þess að aðrir háskólar yfirtaki þær hugmyndir og geri að sínum. Við erum í hafti með núverandi stöðu. Framhaldsskóli Vestfjarða á bjarta framtíð fyrir sér bæði með aukinni fjarkennslu og ekki síður með varanlegum láglendissamgöngum milli svæða innan Vestfjarða. Vestfirðir mega ekki vera í endalausri bið eftir nýjum möguleikum og framförum sem teljast sjálfsagðir annars staðar á landinu."

Tryggja á 150 þúsund króna skattleysismörk fyrir láglaunafólk

– Hvernig vilt þú stefna að bættum kjörum öryrkja og aldraðra, og annarra sem minna hafa í samfélaginu, á komandi árum – ef þú vilt það yfir höfuð?

„Frjálslyndi flokkurinn vill að allir geti búið við tryggan lágmarkslífeyri, bæði eldri borgarar og öryrkjar. Um það hefur Frjálslyndi flokkurinn flutt þingmál sl. 6 ár og tók þá afstöðu fyrir alþingiskosningarnar 2003 að hækka ætti persónuafslátt og þar með skattleysismörk upp í 112-120 þús. kr. svo að fólk gæti komist af. Í dag viljum við að láglaunafólki verði tryggð 150 þús. kr. skattleysismörk og að skerðingarreglum Tryggingastofnunar verði breytt þannig að 100 þús. kr. atvinnutekjur eða lífeyrissjóðsgreiðslur valdi ekki skerðingu bóta T.R. Við verðum að miða við að rauntekjur, eftir skatta og skerðingar, dugi fólki til framfærslu og til þess að lifa af mannsæmandi lífi. Það er þess vegna nauðsynlegt að að líta á upphæð tryggingabóta, skerðingarreglur og skattgreiðslur í samhengi. Lágmarksafkomu fólks verður að tryggja."

14-15 jarðgöng á næstu tíu árum

– Hver eru forgangsatriði í samgöngumálum á Vestfjörðum, að þínu mati?

„Jarðgangagerð sem styttir vegalengdir og býður upp á öruggar samgöngur. Burt með fjallaklifur og stórhættulegt hlíðarbrölt. Það er ekki ásættanleg framtíð. Framtíðin er láglendisvegur innan Vestfjarða og milli þeirra og annarra landshluta. Við höfum mótað okkur þá stefnu í Frjálslynda flokknum að það beri að horfa á samgöngukerfið með þeim augum að við reynum að ná saman því sem ég kalla öruggar samgöngur og láta það falla saman við það sem hægt er að ná með styttingu vegalengda. Við höfum sagt það í Frjálslynda flokknum og höfum lagt það til í mörg ár í þinginu að við viljum að það verði hætt að fara yfir fjöllin og reynt að finna heppilega staði fyrir jarðgöng svo hægt verði að komast á láglendisvegum á milli svæða. Þau viðhorf okkar eiga jafnt við innan Vestfjarða, sem og til þess að komast út af Vestfjörðum, til að komast inn á hringveginn. Við höfum sömu viðhorf gagnvart samgöngumála norðausturhluta landsins, tengingin til dæmis frá Vopnafirði yfir á Hérað væri afar góð samgöngubót fyrir Vopnfirðinga og Héraðsbúa. Það væri þá verið að færa Vopnfirðingum sams konar samgöngubót og var þegar við gerðum Vestfjarðagöngin. Menn þyrftu ekki að vera að fara upp á hálendið til að komast sinna ferða frá Vopnafirði.

Síðan liggur það auðvitað fyrir að sums staðar er vegakerfið okkar þannig að við erum í ennþá í stórhættulegu hlíðabrölti. Dæmi um slíkt er Óshlíð þar sem við höfum sett ógrynni af fjármunum í að reyna að gera þann veg sæmilega ökufæran án stóráhættu, en höfum ekki náð að höndla það eins og dæmin sanna. Þar af leiðandi eru menn loksins núna komnir á þá skoðun, sem ég hafði reyndar árið 1983 þegar ég var í sérframboði með Sigurlaugu Bjarnadóttur, að það eigi að gera göng út í Bolungarvík en ekki fara Óshlíðarveginn. Sama þurfum við að gera á Súðavíkurhlíð, þar er mikil snjóflóðahætta, og á Eyrarhlíð reyndar líka, og það verður ekki leyst með neinu öryggi án þess að gera jarðgöng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, ef við ætlum að hugsa til framtíðar. Út úr því kemur að auki veruleg stytting á akstursleiðinni.

Þegar við förum í Dýrafjarðargöngin þurfum við að horfa til þess að komast vestur á suðurfirðina með eðlilegum samgöngumáta. Ég hef sagt það alveg hiklaust að við eigum að gera önnur viðbótargöng úr Dynjandisvogi yfir í Geirfuglsfjörð, og fara svo með veginn að sunnanverðu út Geirfuglsfjörð og fyrir framan Trostansfjörð. Þannig myndum við ná láglendisvegi fyrir suðurfirðina. Aðalmarkmiðið með þessum göngum er auðvitað að ná þessum byggðum saman í eitt samgöngu-, atvinnu- og félagslegt svæði. Það gerum við með því að velja þessa leið. Þá erum við kannski að tala um að aksturstími frá Bíldudal til Ísafjarðar sé um 50 mínútur, á láglendisvegi alla leiðina. Það er engin önnur varanleg lausn á Vestfjörðum. Við getum vissulega bent á að með lagfæringu á veginum á Dynjandisheiði verði hægt að keyra þar yfir oftast nær, en á miklum snjóavetrum munu menn ævinlega lenda í bagsi á hverjum einasta fjallvegi á Vestfjörðum. Það er einfaldlega staðreynd sögunnar og þeir sem eru búnir að gleyma því þeir muna bara stutt aftur í tímann.

Það er auðvitað hægt að stytta þessar akstursleiðir frá Ísafirði og Patreksfirði til Reykjavíkur verulega með þverun fjarða og jarðgangagerð. Það fer ekkert á milli mála, menn geta hiklaust komið þessari akstursleið niður fyrir 400 kílómetra, og vel niður fyrir það. Tæknin býður upp á það, aðrar þjóðir sem búa í fjallóttu landslagi, eins og Færeyingar og Norðmenn, hafa farið þessar leiðir með jarðgangagerð og við eigum ekki að þurfa að finna upp hjólið að þessu leyti. Það er furðulegt að við skulum alltaf þurfa að upplifa tímabil margra ára á milli áfanga í þessum málum. Við höfum sagt þetta í Frjálslynda flokknum, að þau 14-15 jarðgöng sem á eftir að gera hér á landi, það eigi að búa til áætlun um að gera þau á næstu tíu árum og merkja í það 4 milljarða á hverju einasta ári. Bara klára málið", segir Guðjón Arnar Kristjánsson.

– eirikur@bb.is

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Hafraholt 52, Ísafirði
151 m² einbýlishús úr timbri á tveimur hæðum ásamt sér 32 m² steyptum bílskúr.
22.500.000,-


Drafnargata 11, Flateyri
Steinsteypt 154 m² raðhús ásamt 39,5 m² stórum bílskúr. Fjögur svefnherbergi.
8.000.000,-

Sólgata 8, Ísafirði
3-4ra herbergja íbúð á efstu hæð í þríbýlishúsi ásamt helmingi kjallara, sér herbergi og geymsla í kjallara, samtals 138 m².
10.300.000,-

Stórholt 9, Ísafirði
164 m² 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölbýlishúss. Baðherbergi endurnýjað.
16.200.000,-

Miðtún 37, Ísafirði
189 m² steinsteypt endaraðhús á tveimur hæðum, fjögur herbergi, nýlegt bað og eldhús.
21.300.000,-


Mjallagata 1, Ísafirði
75,6 m² Þriggja herbergja íbúð í fjölbýli, sérinngangur, geymsla í íbúð.
9.500.000,-

Skólastígur 24, Bolungarvík
140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteypu 1959, fjögur svefnherbergi.
7.200.000,-

Silfurgata 11, Ísafirði
125 m² fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi.
10.000.000,-


Aðalstræti 22b, Ísafirði
Samtals 355 m² timburhús á besta stað í bænum. Hægt er að kaupa hverja hæð fyrir sig eða allt húsið.
Tilboð óskast


Engjavegur 9, Ísafirði
220 m² einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr, lítil séríbúð undir bílskúr sem hægt er að leigja út.
21.900.000

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Námskeið til aukinna ökuréttinda verður haldið á Ísafirði þriðjudaginn 15. maí næstkomandi.

Ath! Verkalýðsfélög veita allt að 100 þúsund króna styrk. Sama verð og á höfuðborgarsvæðinu!

Skráning í símum 581 2780, 822 2908 og 692 4124.
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.

Ökuskóli S.G.

Tillaga um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum

Íslenskir og rússneskir athafnamenn eru langt komnir með hugmyndir um að reisa olíuhreinsistöð á Vestfjörðum. Náist samvinna við stjórnvöld gæti stöðin risið á næstu fjórum árum og þar skapast rúmlega 500 störf. Athafnamennirnir segja að mengun frá stöðinni yrði vegin upp með hreinna eldsneyti á bíla- og skipaflota landsmanna og líkur séu á að bensínverð í landinu lækki.

Fyrirtæki sem heitir Íslenskur hátækniiðnaður, þar sem aðaleigendur eru Ólafur Egilsson og Hilmar F. Foss, hafa tekið höndum saman við rússneska fyrirtækið Kata Mag-Nafta, dótturfyrirtæki Geostream, með hugmyndir um hreinsistöðina.

Samkvæmt heimildum fréttastofu Sjónvarps hafa mjög stórir fjárfestar líst áhuga á að taka þátt ef grænt ljós verður gefið hjá stjórnvöldum og viðkomandi sveitarfélagi. Hugmyndin er að framleiðslugeta stöðvarinnar verði 150.000 tunnur á dag og þar muni starfa 500-700 manns, þar af um fimmtungur háskólamenntaður.

Heimamenn hafa síðasta orðið um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum

Hugmyndir um að reisa olíuhreinsistöð á Vestfjörðum sem skapað getur um 500 störf voru kynntar í síðustu viku. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að skoða verði vel allar hliðar málsins áður en ákvörðun verður tekin. „Það er mín skoðun að bæjaryfirvöld hafi ekki umboð frá íbúum Vestfjarða til að samþykkja né hafna svona máli. Ég vil því koma af stað upplýstri umræðu þar sem kostir og gallar við hugmyndina verða skoðaðir. Ég vonast til að umræðan um þetta verði ekki svarthvít og að fólk kynni sér þetta mjög vel. Við gætum orðið öðrum

Halldór Halldórsson.

til fyrirmyndar í þeim efnum," segir Halldór.

Hann segir hugmyndina um olíuhreinsistöðina hafa komið inn á borð hjá sér fyrr í vor. „Ólafur Egilsson hjá Íslenskum hátækniiðnaði, hafði samband við mig fyrir nokkrum vikum og kynnti mér þessa hugmynd. Það fyrsta sem kom upp í hugann var að stöðin fellur ekki undir stóriðju og hentar okkur því ágætlega hér, vegna stefnunnar um stóriðjulausa Vestfirði. Stóriðjulausir Vestfirðir er stefna sem ég held mig fastan við og tel okkur eiga að gera það. Sumir myndu kannski segja að það væri skilgreiningaratriði hvort stöðin flokkist undir stóriðju, og vissulega er þetta stórt og mikið fyrirbæri. En hér er um 500 störf að ræða og því má að sjálfsögðu ekki hafna hugmyndinni án þess að skoða hana."

Aðspurður um viðbrögð bæjarbúa segist Halldór þegar hafa fundið fyrir sterkum, en misjöfnum viðbrögðum.

„Flestir eru jákvæðir, en aðrir skilja ekkert í mér að hafna þessu ekki strax. Þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan, að ég tel mig ekki hafa umboð til þess að játa né neita. Næstu vikur munu væntanlega fara í að kynna hugmyndina en ég geri ráð fyrir að athafnamennirnir sem standa fyrir hugmyndinni vilji fá svör frá okkur sem fyrst."

Halldór segir að ekki sé ennþá farið að ræða mögulega

staðsetningu olíuhreinsistöðvarinnar, en við val á staðsetningu verði að taka til greina hafnarskilyrði, t.a.m. dýpi, landrými og nálægð við þjónustu. *– tinna@bb.is*

Nálgast málið með kaldri rökhyggju og skynsemi

Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra segir hugmynd um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum mjög athyglisverða. „Ég held að það sé rétt sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir, við eigum að skoða hugmyndina um olíuhreinsistöð af alvöru. Það eru mjög margir óvissuþættir í málinu enn, en í ljósi þess að hér er um að ræða stórt mál sem felur í sér hugmyndir um mikla atvinnusköpun er fráleitt að kasta því frá sér að óathuguðu máli. Við þurfum hinsvegar að hyggja vel að hlutum eins og mengunarþáttum, umhverfismálum og öðru slíku. Það er líka mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að þetta er allt á frumstigi og við vitum ekki hvort þessi olíuhreinsistöð geti orðið að veruleika. Ég tel því rétt að nálgast málið með kaldri rökhyggju og skynsemi."

Þingmennirnir Jón Bjarnason og Kristinn H. Gunnarsson vildu lítið segja um málið að svo stöddu þegar leitað var viðbragða vegna málsins og kváðust báðir vilja kynna sér það betur.

Þann 4. maí 1998 kom Kristinn með fyrirspurn á Alþingi til þáverandi iðnaðarráðherra, um iðnaðaruppbyggingu á Vestfjörðum. Þar vekur Kristinn athygli á því að Vestfirðir henti vel fyrir starfsemi olíuhreinsistöðvar. Þetta gerði hann í kjölfar umræðu um olíuhreinsistöð í Skagafirði. Kristinn bendir á að vinnusvæði upp á fjögur til sex þúsund manns sé til staðar á Vestfjörðum, auk góðra hafna og aðgengi að orku, en það séu helstu skilyrðin fyrir olíuhreinsistöð. Með fyrirspurninni vildi Kristinn vekja athygli á því að á Vestfjörðum væru ýmsir möguleikar fyrir hendi sem mönnum hafði, að hans viti, yfirsést.

Stíga þarf varlega til jarðar

Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík segir tillögur um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum koma á slæmum tíma. „Þegar menn segja 500 störf, segir maður auðvitað ekki nei við því án þess að kanna málið og því er sjálfsagt að kanna þennan möguleika. Það er þó alltaf íbúanna að ákveða þetta, en ekki sveitarstjórnarmanna.“

Grímur segir að sér finnist tímasetningin á birtingu skýrslunnar hins vegar slæm ef miðað er við að sérskipuð nefnd um atvinnumál á Vestfjörðum skilar tillögum sínum á sama tíma. Hann segir að tillögur nefndarinnar sem gerðar voru áður en olíuhreinsistöð komst á kortið megi ekki týnast í umræðunni um stöðina. „Hér þarf að byggja upp áfram, það má ekki einblína á eina lausn á stóru vandamáli.“ Grímur bætir því við að áður hafi verið rætt um olíuhreinsistöðvar á öðrum stöðum, rétt fyrir kosningar, m.a. í Skagafirði, en ekkert hafi komið út úr því.

Ingi Þór Ágústsson, bæjarfulltrúi sjálfstæðisflokksins, segir að fyrstu viðbrögð sín séu auðvitað að spyrja hvort hægt sé að hafna 500 störfum. „Ég hef lítið getað kynnt mér málið þar sem fyrstu fréttir um þetta komu bara fram í gærkvöldi, en þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða vel og vandlega. Það er ekki síst í sambandi við þá stefnu að Vestfirðir skuli vera stóriðjulausir sem þarf að stíga varlega til jarðar.“

Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi Í-listans, segir mjög erfitt að mynda sér skoðun á málinu enn sem komið er, en vissulega sé það áhugavert. Hann segist tilbúinn til að skoða málið af alvöru og vill nýta þá möguleika sem koma Vestfirðingum til góða. Sigurður varar þó við því að öll umræða um atvinnumál á Vestfjörðum, sérstaklega núna rétt fyrir kosningar, fari að snúast um þetta eina atriði. Hér þurfi að taka á öðrum málum, í sambandi við sjávarútveg, háskóla og fleira, og þau mál þoli enga bið.

– tinna@bb.is

Bæjarstjóri Bolungarvíkur og bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ eru sammála um að athuga þurfi allar hliðar tillagna um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum.

Ásta Dóra sigurvegari Óbeislaðrar fegurðar

Það var Ísfirðingurinn Ásta Dóra Egilsdóttir sem fór með sigur af hólmi í óhefðbundnu fegurðarsamkeppninni Óbeislað fegurð, sem fram fór í félagsheimilinu í Hnífsdal að kvöldi síðasta vetrardags. Dómnefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekkert frekar væri hægt að keppa í óbeislaðri fegurð, en staðlaðri, og því var ákveðið að nafn vinningshafans skyldi dregið úr hatti. Ásta Dóra var elsti keppandinn í Óbeislaðri fegurð og því vel að titlinum komin, enda með mesta lífsreynslu á bakinu.

Keppt var um fleiri titla, en það var Rudolph Stephenson sem hlaut titilinn Orginal 2007, Andrew Specker var valinn Vinurinn 2007, af hinum keppendunum. Hr. Nói og Fr. Góa, mestu sælkerar keppninnar, voru valin Örnólfur Þ. Örnólfsson og Thelma Hjaltadóttir. Hægt var að hafa áhrif á keppnina með því að skrifa athugasemdir við hvern og einn keppanda, sá sem fékk fallegustu athugasemdina hlaut titilinn Netálit 2007 var Nikólína Þorvaldsdóttir. Alls tóku 14 keppendur þátt í keppninni, en keppt var um 18 titla.

Í dómnefnd sátu Barði Önundarson, bóndi á Hafrafelli á Barðaströnd, Björk Ingadóttir, móðir og norn úr Hnífsdal, Jón Guðni Guðmundsson, hrossaræktandi og -dómari frá Bolungarvík, Þórey Vilhjálmsdóttir, viðskiptafræðingur og formaður V dagsins á Íslandi, og Erlingur Sigtryggsson Cand. Jur. á Ísafirði.

Fjölmenni var mætt í félagsheimilið til að fylgjast með keppninni, en mörg skemmtiatriði voru á dagskrá; einleikur, söngur og gamanatriði. Kynnir kvöldsins og veislustjóri var Halldór Jónsson. Eftir keppnina sló hljómsveit Guðmundar Hjaltasonar og nágranna upp balli, sem stóð fram á rauða nótt.

– tinna@bb.is

Ásta Dóra Egilsdóttir hrepppti titilinn Óbeisluð fegurð 2007.

Það eru tækifæri til framfara!

Við viljum:

- háskóla á Ísafjörð.
- að RÚV ohf verði áfram í þjóðareigu.
- draga úr flutningskostnaði fyrirtækja á landsbyggðinni.
- stórefla rannsóknir á lífríki sjávar og tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna.
- gera sérstaka jarðgangaáætlun sem ekki hafi áhrif á samgönguáætlun. Unnið sé aðjarðgangagerð á 2 til 3 stöðum samtímis næstu áratugi, uns helstu verkefnum lýkur.

XB 2007

framsokn.is/nordvestur

Framsókn

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Blogg Sigmars Guðmundssonar – http://sigmarg.blog.is/blog/sigmarg/

Yfirleitt er ég ekki flughræddur maður en eftir morgunflug til Ísafjarðar get ég ekki annað en þakkað mínum sæla fyrir að vera á lífi. Þegar við flugum Skutulsfjörðinn inn til lendingar tók ég eftir því að vélin var ískyggilega nærri fjallinu. Svo nálægt reyndar að eitt andartak íhugað ég í fullri alvöru að teygja út lúkuna og grípa með mér grjót eða lúku af snjó. Ég hætti snarlega við þegar ég fann ekkert opnanlegt fag við sætið mitt. Auk þess skynjaði ég í gegnum nístandi hræðsluna að flugmennirnir ætluðu að taka af mér ómakið með því að koma öllum um borð í nána, skyndilega og harða snertingu við ísfirsk fjöll. Allt fór þetta samt vel að lokum og heimamenn hlógu bara að aumingjaganginum í mér þegar ég kom inní flugstöð einsog vönkuð ýsa.

Smáauglýsingar

Til sölu er bátur (Færeyingur) sem er skemmdur eftir strand. Báturinn er með góðri stækkaðri yfirbyggingu en skrokkurinn er skemmdur. Báturinn er til sýnis í Bolungarvík. Upplýsingar í síma 699 5390.

Til sölu er Subaru Forrester árg. 2001. Góður bíll. Upplýsingar í síma 456 4028.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1998, ekinn 129 þús. km. Uppl. í síma 849 7973 og 456 4366.

Par með tvö börn vantar íbúð til leigu á Ísafirði frá og með 1. júlí. Reglusöm og auðvelt í umgengni. Uppl. gefur Thelma í síma 849 8699.

Til sölu er Coleman Chayenne, 10 feta fellihýsi með fortjaldi, sjónvarpi, vídeó, geislaspilara, útvarpi, heitu vatni, grjótvörn og fleiru. Verð kr. 1.200 þúsund. Góður staðgreiðsluafsláttur. Uppl. í síma 868 1111.

Óska eftir 3-4 ra herb. íbúð til leigu. Erum reyklaus og reglusöm. Uppl. í síma 865 2475.

Fengu aukinn frest

Rólegt var í umferðarmálum á Vestfjörðum í síðustu viku. Tveir ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur og einungis eitt umferðaróhapp var tilkynnt til lögreglunnar. Í vikunni gáfu lögreglumenn eigendum 29 bifreiða sjö daga frest til að færa bifreiðar sína til skoðunar þar sem þær höfðu ekki verið færðar til skoðunar á réttum tíma.

Af þessum 29 bifreiðum voru 16 á Patreksfirði og nágrannabyggðarlögum en 13 á Ísafirði og nágrenni. Þá voru númer fjarlægð af tveimur bifreiðum þar sem vátryggingar voru fallnar úr gildi.

Spurning vikunnar

Hvernig líst þér á hugmyndir um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum?

Alls svöruðu 821.
Vel sögðu 458 eða 56%
Illa sögðu 257 eða 31%
Hlutlausir voru 106 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Halldóra Karlsdóttir ljósmóðir, Benedikt Einarsson frá BT þar sem sjónvörpin voru keypt og Ásthildur Gestsdóttir ljósmóðir ásamt Hilmari Þorbjörnssyni við afhendinguna.

Safnaði fyrir sjónvörpum til handa sængurkonum

Hilmar Örn Þorbjörnsson, nýbakaður faðir á Ísafirði, tók sig til á dögunum og safnaði með liðsstyrk fyrirtækja í bænum fyrir tveimur 32" sjónvörpum fyrir fæðingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Hilmar segir að honum hafi fundist aðstaðan ekki nógu góð þar sem tvö 14" sjónvörp voru áður inn á deild sængurkvennanna, en þar sem nýburar sofa megnið af tímanum hafa konurnar ekki mikið við tímann að gera og því tilvalið að slappa af yfir sjónvarpinu. Hann hafi því ákveðið að leita til fyrirtækja í bænum til að bæta aðstöðu nýju mæðranna.

Viðtökurnar voru betri en hann átti von á og voru sjónvörpin afhend fulltrúum FSÍ í gær aðeins nokkrum dögum eftir að söfnunin hófst. Þau fyrirtæki sem veittu fé til framtaksins eru BT, KNH; Sparisjóður Vestfirðinga, 3X-Stál, Glitnir, Landsbankinn, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Hamraborg, Bensínstöðin Ísafirði og Gámaþjónusta Vestfjarða. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

– thelma@bb.is

Vortónleikar Karlakórsins Ernis

Karlakórinn Ernir hefur starfað af miklum þrótti í allan vetur og æft tvisvar í viku. Virkir kórfélagar hafa verið rúmlega 40 talsins og koma þeir af öllum Norður-Vestfjörðum. Stjórnandi er Beata Joó og undirleikari er Margrét Gunnarsdóttir.

Efnisskráin er gerbreytt, ný og skemmtileg og er búið að leggja til hliðar lagaval síðustu ára. Ekki færri en sex einsöngvarar úr hópi kórfélaga koma fram á vortónleikunum sem verða í Félagsheimili Bolungarvíkur sunnudaginn 29. apríl kl. 20, Í Félagsheimilinu á Þingeyri mánudaginn 30. apríl kl. 20 og í Ísafjarðarkirkju þriðjudaginn 1. maí kl. 17. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu kórsins www.ernir.it.is.

Húsmæðraorlof

Konur í Vesturbyggð, Tálknafirði, Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík takið eftir!

Ákveðið hefur verið að fara í orlofsferð innanlands í ár og verður farið helgina 31. ágúst til 3. september. Gist verður á Hótel Heklu sem er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Rétt til að sækja um í ferðina hefur sérhver kona sem veitir, eða hefur veitt sorstöðu heimili, án launagreiðslu fyrir það starf.

Frestur til að sækja um er til 10. júní og ganga þær konur fyrir sem ekki hafa farið áður. Skrásetningargjald er 5.000 krónur. Pantanir og frekari upplýsingar veita eftirtaldar:

Kristjana, s. 456 2569, krist.an@centrum.is

María, s. 456 2054, hagi2@simnet.is

Sólrún, s. 456 1430, solrunol@simnet.is

Geirnagli bauð lægst

Bæjarráð Bolungarvíkurkaupstaðar hefur ákveðið að taka tilboði Geirnaglans ehf. í byggingu dælubrunns í Ljósalandi í Bolungarvík. Tvö tilboð bárust í verkið en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 8.051.000 krónur. Tilboð Geirnaglans ehf. hljóðaði upp á 10.848.500 krónur en tilboð frá Sigurgeiri G. Jóhannssyni ehf. hljóðaði upp á 11.105.315 krónur.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðlægar áttir með vætu, en þurrt að mestu fyrir norðan. Hlýtt í veðri. **Horfur á laugardag:** Suðlægar áttir með vætu, en þurrt að mestu fyrir norðan. Hlýtt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Suðlægar áttir með vætu, en þurrt að mestu fyrir norðan. Hlýtt í veðri. **Horfur á mánudag:** Suðlægar áttir með vætu, en þurrt að mestu fyrir norðan. Hlýtt í veðri.

Ásta Dóra þegar úrslitin voru tilkynnt í félagsheimilinu í Hnífsdal.

Gaman að vera fallegur að utan sem og innan

Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar ljóst var að Ásta Dóra Egilsdóttir hafði sigrað í keppninni Óbeisluð fegurð 2007 sem fram fór í félagsheimilinu í Hnífsdal síðasta vetrardag. Fólk reis upp úr sætum og sumir stóðu upp á borðum til að fagna úrslitunum. Ásta Dóra hreppti einnig titlana Persónuleiki 2007 og Uppáhalds 2007 sem valið var af áhorfendum. Ásta Dóra var aldursforseti keppendanna og um hana segir á heimasíðu Óbeislaðrar fegurðar: „ Ásta Dóra Egilsdóttir er eldri en lýðveldi Íslands, en harðneitar þó að vera fæddur dani. Hún vann allan sinn starfsferil á sama vinnustað sem BH tæknir. Ásta hefur mjög gaman að börnum og mottó hennar er að drekka meira í dag en í gær.“ Bæjarins besta spjallaði við Ástu Dóru skömmu eftir „krýninguna“.

– Bjóstu við sigrinum eða kom hann þér á óvart?

„Það hlýtur að hafa komið mér á óvart. Ég var búin að fá tvo titla og fannst það alveg nóg. En þetta var mjög gaman.“

– Það brutust út mikil fagnaðarlæti þegar tilkynnt var hver hefði hreppt titilinn Óbeisluð fegurð 2007. Hvernig varð þér við það?

„Ég veit ekki af hverju svona mikil læti urðu þar sem nafnið var bara dregið úr hatti, en það var jú mjög gaman af því. Annars var þetta bara svo yndislegt kvöld og gaman að kynnast fólki sem maður vissi ekki einu sinni af áður og svo var málefnið gott.“

– Var það ástæðan fyrir því að þú tókst þátt?

„Já maður verður að styrkja svona góð málefni og einnig vildi ég taka þátt í því að koma Ísafirði á kortið. Ég held að þetta hafi verið í fyrsta sinn í heiminum sem svona keppni fór fram og þess vegna hafi heimspressan veitt henni svo mikla athygli. Það hafa verið þættir erlendis með einhverjum fíflaskap en þetta var enginn fíflaskapur. Þetta var alvara og kannski smá ádeila á fegurðarbransann. Það er að sjálfsögðu gaman að vera fallegur að utan sem og innan, en fegurðin kemur að innan.“

– Þetta var í fyrsta sinn sem þú steigst á svið ekki satt?

„Jú ég hafði aldrei stigið á svið og ég var svo hrædd, sérstaklega var ég hrædd við þessar þrjár tröppur niður af sviðinu. Þess vegna rétti ég fram hendina eins og Silvía Nótt og bað þann sem stóð næst, sem reyndist vera sænskur ljósmyndari, um hönd hans. Ég er nefnilega svo slæm í fæti og Ásthildur Þórðardóttir átti að fara á undan og hjálpa mér niður þar sem ég var svo hrædd um að detta. Þannig höfðum við æft það, en ég dreif mig bara að biðja næsta mann um aðstoð og var leidd niður eins og prímadonna. Þetta gekk allt voða vel.“

– Hefur líf þitt breyst eftir að þú hlaust titilinn Óbeisluð fegurð 2007?

„Lífið gengur bara sinn vanagang nema maður er bara glaðari og léttari á sér.“

– Ef þér gæfist færi á að taka þátt í svona keppni á ný myndirðu þá slá til aftur?

„Ekki í fegurðarsamkeppni því ég vil leyfa fleirum að slá til“, segir Ásta Dóra og hlær. „En ég gæti vel hugsað mér að taka þátt í uppistandi eða einhverju slíku, ef einhver ætlar að setja eitthvað upp fyrir gott málefni þá ég er sko alveg til í að taka þátt í því,“ segir hin eldhressa Ásta Dóra.

Sælkeri vikunnar er Haukur Davíð Jónasson á Ísafirði

Hátíðarkvöldverður piparsveinsins

Sælkeri vikunnar býður upp á einfalda uppskrift að kvöldverðarboði sem hann segir að henti piparsveinum afar vel. Haukur varð afar glaður er hann fékk áskorun um að koma með uppskrift í Bæjarins besta. „Loksins kom að því að ég fékk að koma á framfæri mínum alþekktu tilþrifum í eldhúsinu og veita lesendum nýja sýn sælkerans.

Forréttur

1 góður ostbiti skorinn teninga (ca 1,5 cm á kant)
14 vínber, fjólublá
10 vínber, græn

Stingið tannstönglum í miðju ostbitanna þannig að þeir (þ.e. tannstönglarnir) standi beint upp í loftið. Þræðið vínberin upp á tannstöngulinn (eitt á hvern). Raðað á bakka með tveggja cm millibili. Og þá er forrétturinn tilbúinn. Þótt þessi réttir krefjist töluverðrar vinnu og nákvæmni er hann afara hentugur og tiltölulega fljótlegur.

Aðalréttur

Majóneshjúpaðar rækjur

Takið slatta af rækjum, þíðið þær og látið vatnið síga af þeim. Magnið ræðst af fjölda gesta og hversu gráðugir þeir eru. Hrærið slatta af majónesi (sem dugar til að drekkja rækjunum í) og bætið út í slatta af Hunts tómatsósu og smávegis af sætu sinnepi. Hrærið vel saman. Setjið rækjurnar út í og hrærið varlega saman með plastsleif. Setjið salatið í aðra dollu og skreytið með vínberinu sem varð afgangs við ostapinnagerðina (ef þið eruð ekki búin að borða það.) Berið fram með Ritz kexi.

Desert

Ísblóm

Takið 1 Emmess ísblóm fyrir hvern gest og athugið að margar tegundir eru til. Takið af því lokið og réttið gestinum ásamt teskeið.

Ég skora á Hugrúnu Magnúsdóttur húsfreyju í Vigur að verða næsti sælkeri vikunnar.

Tilboð óskast

Tilboð óskast í fjölbýlishúsið að Múlalandi 14 á Ísafirði. Í húsinu eru 10 íbúðir í útleigu.

Afstaða til tilboða verður tekin 14. maí nk. Frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu okkar.

Fasteignasala Vestjarða
Hafnarstræti 19, Ísafirði
Sími 456 3244 – eignir@fsv.is
www.fsv.is

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Sjálfstæðismenn standa við orð sín

XD

Nýtum sóknarfærin!

Íbúar í Norðvesturkjördæmi vita að sjálfstæðismenn standa við orð sín. Fyrir 4 árum kynnti D-listinn stefnu sína undir kjörorðunum „Verk að vinna". Hér eru þau loforð endurbirt ásamt efndum á kjörtímabilinu.

Verk að vinna!

01 Lækkum skatta á matvöru um helming á næsta kjörtímabili.
02 Lækkum tekjuskattinn um 4% á næsta kjörtímabili.
03 Hækkum barnabætur um 2000 milljónir króna á næsta kjörtímabili.
04 Bætum stjórn fiskveiða enn frekar. Eflum fiski- og hafrannsóknir og nýtum þekkingu útvegsmanna og sjómanna.
05 Aukum þorskkvóta um 30.000 tonn á næsta ári.
06 Tökum upp sérstaka ívilnun fyrir dagróðrarbáta sem veiða á línu.
07 Hækkum ekki kvótaþakið.
08 Fylgjum eftir nefnd um líffræðilega fiskveiðistjórnun til að skoða nýja möguleika á aukningu á afla.
09 Lækkum gjöld á búvöruframleiðslu, styrkjum réttindi bænda og tryggjum öflugan landbúnað á grundvelli einkaframtaks og frelsis til athafna.
10 Sköpum fjölbreyttara atvinnulíf - aukum framlög til menntamála og tryggjum námsmönnum áfram val í námi.
11 Höldum áfram netvæðingunni og stuðlum þannig að nýsköpun í atvinnulífi.
12 Tryggjum að forgangsröðun í samgöngumálum stuðli að grósku í ferðamennsku og vexti í atvinnulífi á landsbyggðinni.

01 Virðisaukaskattur var lækkaður úr 14% í 7% þann 1. mars sl. Að auki verða vörugjöld á matvöru felld niður.

02 Árið 2004 voru 4% skattalækkanir lögfestar. Til að ná samningum á vinnumarkaði var hins vegar ákveðið að breyta síðasta prósentinu yfir í hækkun á persónuafslætti en sú breyting kostaði jafn mikið. Þá voru eignarskattar afnumdir.

03 Barnabætur hafa hækkað um 3,1 milljarð að krónutölu frá árinu 2003 og rúmlega 2,1 milljarð umfram verðlag. Bæturnar eru nú greiddar með börnum til 18 ára aldurs í stað 16 ára líkt og áður.

04 Unnið hefur verið að margs konar endurbótum á stjórn fiskveiða sem m.a. hafa leitt til aukins afla í ýmsum smærri byggðum. Rannsóknir hafa verið efldar hjá Hafrannsóknastofnun. Einnig með AVS-rannsóknasjóðnum og stofnun samkeppnisdeildar Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

05 Þorskkvótinn var aukinn um 30.000 tonn. Leyfilegur heildarafli þorsks var 179.000 tonn fiskveiðiárið 2002/2003 en var aukinn í 209.000 tonn fiskveiðiárið 2003/2004.

06 Línuívilnun komið á sem hefur haft mikla þýðingu víða um land, ekki síst í NV-kjördæmi.

07 Kvótaþakið var ekki hækkað en einnig var sett kvótaþak í smábátakerfinu.

08 Skýrsla nefndarinnar frá 2004 hefur verið höfð til hliðsjónar við ýmis verkefni er að þessu lúta. Meðal annars hafa veiðarfærarannsóknir Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði verið efldar.

08 Tveir nýir búvörusamningar gerðir á kjörtímabilinu bæði um mjólkurafurðir og sauðfjárrækt. Virðisaukaskattur af matvælum lækkaður úr 24% í 7%. Skattar af arðgreiðslum frá veiðifélögum lækkaður úr 36% í 10%.

10 Tveir nýir búvörusamningar gerðir á kjörtímabilinu bæði um mjólkurafurðir og sauðfjárrækt. Virðisaukaskattur af matvælum lækkaður úr 24% í 7%. Skattar af arðgreiðslum frá veiðifélögum lækkaður úr 36% í 10%.

10 Háskólasetri Vestfjarða komið á laggirnar, Fjölbrautaskóli Snæfellinga stofnaður, Menntaskóli Borgarfjarðar hefur störf 2007, Dreifmenntarverkefni í V-Barðastrandarsýslu og stofnun deildar Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði. Samþykkt að leggja fé í viðbyggingu verknámshúss FNV. Matís ohf. hefur fjölgað rannsóknar-verkefnum í kjördæminu. Útibú Fiskistofu opnar í Stykkishólmi og á Ísafirði verður stórfum fjölgað. Þá hefur Hafrannsóknarstofnun einnig aukið umsvif sín í kjördæminu, sérstaklega á Ísafirði.

11 Fjarskiptasjóður stofnaður. Útboðum I og II við GSM-væðingu lokið. Útsendingar RÚV um gervihnött að hefjast. Ísland altengt háhraðatengingum á lokasprettinum.

12 Framkvæmdum við Djúpveg að ljúka, Arnkötludalur fær í lok ársins 2008. Þverun Mjóafjarðar hafin. Flugturn endurnýjaður og lagfæring öryggissvæða á Ísafirði, Flugbraut á Þingeyri endurbyggð. Lagfæringar á höfnum í Bolungarvík, Ísafirði, Snæfellsbæ, Rifi, Stykkishólmi, Ólafsvík, Grundarfirði, Sauðárkróki og Patreksfirði. Frumrannsóknir og hönnun á innsiglingu í Rifshöfn lokið. Kolgrafafjörður brúaður, Svínadalur endurbyggður og Bröttubrekku lokið. Þverárfjallsvegur, vegur um Norðurárdal í Skagafirði og að Húsafelli endurbyggðir. Átak gert í uppbyggingu tengivega. Útnesvegur um Snæfellsþjóðgarð og vegur um Stafholtstungur endurbættir. Samþykkt að grafa göng milli Bolungarvíkur og Hnífsdals. Styrkir veittir til uppbyggingar á fjölförnum ferðamannastöðum og menningarsamningar menntamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytisins til sveitarfélaga.

Fylgstu með baráttunni á **www.nordvesturland.is**